



GARDABÆR



**ÁLFTANES, MIÐSVÆÐI  
Svæði 2 – Krókur  
Gatnagerð og lagnir  
Eftirlit**

**Útboðs- og verklýsing  
Október 2022**



**ÁLFTANES, MIÐSVÆÐI  
Svæði 2 – Krókur  
Gatnagerð og lagnir  
Eftirlit**

Verkkaupar:

**Garðabær**

Garðatorgi 7, 210 Garðabæ  
Sími: 525 8500

**Veitur ohf.**

Bæjarhálsi 1 - 110 Reykjavík  
Sími: 516 6000

**HS Veitur hf.**

Selhellu 8, 221 Hafnarfirði  
Sími: 422 5200

**Míla ehf.**

Stórhöfða 22–30, 110 Reykjavík  
Sími: 585 6000

**Ljósleiðarinn ehf.**

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík  
Sími: 516 7777

Umsjón verkkaupa:

**Garðabær**

Garðatorgi 7, 210 Garðabæ  
Sími: 525 8500  
Eysteinn Haraldsson

Útboðsgögn:

**Verkís hf.**

Ofanleiti 2, 103 Reykjavík  
Sími: 422 8000  
Sigurður Grétar Sigmarsson

**EFNISYFIRLIT**

<b>0. ÚTBOÐSLÝSING – VERKSKILMÁLAR .....</b>	<b>1</b>
0.1 YFIRLIT.....	1
0.1.1 <i>Útboð</i> .....	1
0.1.2 <i>Útboðsform – útboðsyfirlit.</i> .....	2
0.1.3 <i>Kröfur til bjóðenda.</i> .....	2
0.1.4 <i>Lauslegt yfirlit yfir eftirlitsverkið.</i> .....	4
0.1.5 <i>Kynningarfundur – Vettvangsskoðun</i> .....	4
0.1.6 <i>Verksamningur – Verkáætlun.</i> .....	5
0.1.7 <i>Framkvæmdatími – verklok.</i> .....	5
0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA, RÁÐGJAFU OG UMSJÓN .....	5
0.2.1 <i>Verkkaupi</i> .....	5
0.2.2 <i>Ráðgjafar.</i> .....	6
0.2.3 <i>Umsjón verkkaupa</i> .....	6
0.3 ÚTBOÐSGÖGN, REGLUGERÐIR OG STAÐLAR .....	6
0.3.1 <i>Útboðsgögn</i> .....	6
0.3.2 <i>Skýringar á útboðsgögnum</i> .....	7
0.3.3 <i>Uppdrættir og lýsingar.</i> .....	7
0.3.4 <i>Reglugerðir og leiðbeiningar.</i> .....	7
0.3.5 <i>Undireftirlitsaðilar</i> .....	8
0.4 TILBOÐ.....	8
0.4.1 <i>Gerð og frágangur tilboðs.</i> .....	8
0.4.2 <i>Fylgigögn með tilboði</i> .....	9
0.4.3 <i>Auðkenni tilboðs.</i> .....	10
0.4.4 <i>Tilboðstrygging - Gildistími tilboðs.</i> .....	10
0.4.5 <i>Afturköllun tilboða.</i> .....	10
0.4.6 <i>Opnun tilboða.</i> .....	10
0.4.7 <i>Meðferð og mat á tilboðum.</i> .....	10
0.4.8 <i>Póknun fyrir gerð tilboðs.</i> .....	11
0.5 GREÐSLUR, VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR.....	11
0.5.1 <i>Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir (eftir því sem við á)</i> .....	11
0.5.2 <i>Framlag verkkaupa</i> .....	11
0.5.3 <i>Breytingar á eftirlitsverkinu</i> .....	12
0.5.4 <i>Greiðslur og reikningsskil</i> .....	12
0.5.5 <i>Verðlagsgrundvöllur</i> .....	13
0.5.6 <i>Fyrirframgreiðsla</i> .....	13
0.5.7 <i>Magnbreytingar.</i> .....	13
0.6 ÁBYRGÐIR, TRYGGINGAR OG ÁGREININGSMÁL .....	13
0.6.1 <i>Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld</i> .....	13

0.6.2 Starfsábyrgðartrygging.....	14
0.6.3 Veðsetningar – Eignarréttarfyrirvarar.....	14
0.6.4 Misræmi í gögnum.....	14
0.6.5 Ágreiningsmál.....	14
0.6.6 Vanefndir og uppsögn.....	14
0.7 VINNUSTAÐUR.....	15
0.7.1 Athafnasvæði og vinnuaðstaða .....	15
0.7.2 Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni .....	15
0.7.3 Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira .....	15
0.7.4 Umhirða á vinnustað .....	15
0.7.5 Öryggi á vinnustað.....	15
0.7.6 Ýmis sérákvæði vegna vinnu fyrir Veitur.....	15
0.7.7 Ýmis sérákvæði vegna vinnu fyrir HS Veitur.....	15
0.7.8 Sérákvæði vegna vinnu við fjarskiptalagnir Mílu .....	15
0.7.9 Sérákvæði vegna vinnu við fjarskiptalagnir Ljósleiðarans.....	16
0.8 FRÁGANGUR OG GÆÐI EFTIRLITSVERKS .....	16
0.9 TEIKNINGASKRÁ.....	16
0.10 FYLGISKJÖL.....	16
0.10.1 Form verktryggingar.....	16
0.10.2 Verkmappa .....	16
0.10.3 Gögn á útboðsvef Garðabæjar.....	16
0.10.3.1 Útboðsgögn eftirlitsverks .....	16
0.10.3.2 Útboðsgögn útboðsverks.....	16
0.10.4 Gögn á vef Veitna .....	16
1. VERKLÝSING – EFTIRLIT.....	17
1.1 ALMENNT .....	17
1.1.1 Stutt yfirlit yfir eftirlitsverkið .....	17
1.1.2 Eftirlitskerfi .....	17
1.1.3 Fyrilliggjandi gögn - Samvinna við veitufyrirtæki .....	18
1.1.4 Verksvið .....	18
1.1.5 Samskipti .....	19
1.1.6 Skýrslur, upplýsingar, skjöl .....	19
Umsjón verkkaupa.....	20
1.2 VERKEFNI EFTIRLITSAÐILA .....	21
1.2.1 Aðstaða eftirlitsaðila á vinnusvæði .....	21
1.2.2 Athugun gagna .....	21
1.2.3 Rýni verkbátta .....	21
1.2.4 Daglegt eftirlit .....	22
1.2.5 Faglegt eftirlit .....	23

1.2.6 Verkfundir/umsjónarfundir .....	23
1.2.7 Framvinda verks .....	24
1.2.8 Auka- og viðbótarverk verktaka – breytingar á útboðsverki .....	24
1.2.9 Útboðsgögn; breytingar leiðréttigar og geymsla gagna .....	25
1.2.10 Rannsóknir – efnisvottun .....	25
1.2.11 Mælingar .....	25
1.2.12 Eftirlit með kostnaði verktaka .....	26
1.2.13 Öryggi á vinnustað .....	26
1.2.14 Fornminjar og náttúruvætti .....	27
1.2.15 Skoðun og skráning .....	28
1.2.16 Merking vinnusvæðis .....	28
1.2.17 Eftirlit með áspunga .....	28
1.3 VERKLOK .....	28
1.3.1 Lokadagsetningar .....	28
1.3.2 Úttektir og afhending útboðsverks .....	29
1.3.3 Lokaskýrsla/reyndarteikningar .....	29
1.3.4 Vegmerkingar .....	29
1.3.5 Ágreiningsmál .....	29
1.3.6 Ábyrgðarúttekt á útboðsverki .....	29
<b>2. TILBOÐSBÓK .....</b>	<b>31</b>
2.1 TÆKNILEGT TILBOÐ .....	31
2.1.1 Verktihögur .....	31
2.1.2 Starfslið .....	32
2.1.3 Fyrirtæki .....	34
2.1.4 Fylgigögn – Viðbótargögn .....	35
2.2 VERÐTILBOÐ .....	36
2.2.1 Tilboðsblað .....	36
2.2.2 Tilboðsskrá .....	37

## 0. ÚTBOÐSLÝSING – VERKSKILMÁLAR

### 0.1 YFIRLIT

#### 0.1.1 ÚTBOÐ

*Garðabær, Veitur ohf., HS Veitur hf., Míla ehf. og Ljósleiðarinn ehf. óska eftir tilboðum í verkið:*

**Álftanes, Miðsvæði  
Svæði 2 – Krókur  
Gatnagerð og lagnir  
Eftirlit**

Eftirlitsverkið skal vinna samkvæmt útboðs- og verklýsingu þessari, ásamt þeim gögnum sem þar er vísað til.

Innifalið í tilboði skal vera allt það sem til þarf til að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðs-gögnum þessum. Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað og tilboðsbók.

#### Orðaskýringar:

Verkkaupi:	Sá sem lætur vinna verk, með eða án útboðs.
Fulltrúi verkkaupa:	Umboðsmaður verkkaupa og sérstakur fulltrúi hans, sem hefur yfirumsjón með því að eftirlitsaðili og verktaki uppfylli allar samnings-skyldur við verkkaupa.
Verktaki:	Framkvæmdaraðili útboðsverks, sem tekur að sér að vinna verk samkvæmt verksamningi fyrir verkkaupa, með eða án útboðs.
Eftirlitsaðili:	Sá aðili sem verkkaupi felur að sjá um að verktaki uppfylli allar skyldur varðandi verksamning og önnur samningsgögn, í umboði og undir stjórn fulltrúa verkkaupa.
Eftirlitsverk:	Það verk sem eftirlitsaðili tekur að sér samkvæmt útboðs- og verklýsingu þessari.
Útboðsverk:	Það verk sem eftirlitsaðili tekur að sér hafa eftirlit með samkvæmt útboðs- og verklýsingu þessari.
Bjóðandi:	Sá sem gerir tilboð í eftirlit með framkvæmdum.
Verkefnisstjóri eftirlits:	Sérstakur fulltrúi eftirlitsaðila sem er í forsvari gagnvart verkkaupa, ráðgjöfum, verktökum og opinberum aðilum.
Ráðgjafi:	Allir hönnuðir útboðsverksins, þ.e. þeir sem veita tækniráðgjöf og ýmsa þjónustu vegna bygginga- og mannvirkjagerðar, þ.m.t. störf arkitekta, verk- og tæknifræðinga, byggingafræðinga og annarra sér-fræðinga.

## 0.1.2 ÚTBOÐSFORM – ÚTBOÐSYFIRLIT

Hér er um opið útboð að ræða og er það því almennt útboð eins og lýst er í ÍST 30 grein 1.2.2.

### ÚTBOÐSYFIRLIT

• Kynningarfundur	Á ekki við	Sjá nánar gr. 0.1.5
• Fyrirspurnatíma lýkur	25. október 2022	Sjá nánar gr. 0.3.2
• Svarfrestur rennur út	27. október 2022	Sjá nánar gr. 0.3.2
• Tilboð skulu hafa borist	1. nóvember 2022 kl. 14:00	Sjá nánar gr. 0.4.5
• Opnunartími tilboða	1. nóvember 2022 kl. 15:00	Sjá nánar gr. 0.4.5
• Upphaf framkvæmdatíma	Við töku tilboðs	Sjá nánar gr. 0.1.7
• Lok útboðsverks	30. júní 2023	Sjá nánar gr. 0.1.7
• Lok eftirlitssamnings	30. september 2023	Sjá nánar gr. 0.1.7
• Kröfur til bjóðenda	Sérstakar kröfur gerðar um hæfni og reynslu bjóðanda	Sjá nánar gr. 0.1.3
• Verðlagsgrundvöllur	Verkið verðbætist ekki	Sjá nánar gr. 0.5.5
• Frávikstilboð	Eru ekki heimiluð	Sjá nánar gr. 0.4.1
• Fylgigögn með tilboði	Skila á fylgigönum með tilboði	Sjá nánar gr. 0.4.2
• Opnunarstaður tilboða	Verkís, Ofanleiti 2 103 Reykjavík.	
•		Sjá nánar gr. 0.4.5

**Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem varða verkefnið.**

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, getur tilboðum þeirra verið vísað frá.

Farið verður með allar framlagðar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

## 0.1.3 KRÖFUR TIL BJÓÐENDA

### A. Kröfur um hæfni og reynslu:

**Verkefnisstjóri.**

Gerð er krafa um að verkefnisstjóri hafi a.m.k. 10 ára almenna starfsreynslu sem verkfræðingur eða tæknifræðingur og að hann hafi haft umsjón með a.m.k. tveimur sambærilegum útboðsverkum að umfangi 150 mkr. eða meira.

Gera skal skilmerkilega grein fyrir áunninni reynslu í starfsferilslysingu eða öðrum fylgigönum tilboðs. Upplýsinga sem er krafist:

- Tilvísun í fyrrí verk og áunna reynslu.
- Starfsferilskrá sem verkefnisstjóri.

### Eftirlitsmaður.

Miða skal við að bjóðandi hafi til ráðstöfunar a.m.k. tvo menn, í eftirliti með jarðvinnu, lagnavinnu og yfirborðsfrágangi. Einungis skal nefna þá sem eiga að vinna að eftirlitsverkinu. Gerð er krafa um sérfræðikunnáttu og reynslu við jarðvinnu, lagnavinnu, malbikun og frágangsvinnu.

Eftirlitsmenn skulu hafa lokið námskeiði í merkingu vinnusvæða.

Gerð er krafa um að eftirlitsmaður hafi a.m.k. 5 ára almenna starfsreynslu sem verkfræðingur eða tæknifræðingur og að hann hafi annast eftirlit með a.m.k. einu sambærilegu útboðsverki að umfangi 100 mkr. eða meira.

Gerð er krafa um að bjóðandi hafi yfir að ráða fólk með sérfræðikunnáttu í rafmagni til stuðnings við eftirlitsmenn þegar unnið er við þá verkþætti. Tilgreina skal hvaða fólk það er.

Gera skal skilmerkilega grein fyrir áunninni reynslu í starfsferilslýsingu eða öðrum fylgigögnum tilboðs. Upplýsinga sem er krafist:

- Tilvísun í fyrri verk og áunna reynslu.
- Starfsferilsskrá.

### Mælingamaður.

Gerð er krafa um að mælingamaður hafi a.m.k. 3 ára almenna starfsreynslu sem mælingamaður og að hann hafi annast mælingar við a.m.k. eitt sambærilegt útboðsverk að umfangi 50 mkr. eða meira. Eftirlitsmaður I eða II getur einnig verið mælingamaður ef hann uppfyllir kröfur um starfsreynslu sem mælingamaður.

Gera skal skilmerkilega grein fyrir áunninni reynslu í starfsferilslýsingu eða öðrum fylgigögnum tilboðs. Upplýsinga sem er krafist:

- Tilvísun í fyrri verk og áunna reynslu.
- Starfsferilsskrá.

Verkefnastjóri, eftirlitsmaður og mælingamaður má vera einn og sami maðurinn.

### Fyrirtæki.

Hafi bjóðandi vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9001 er hann talinn hæfur. Hafi bjóðandi ekki vottað gæðakerfi, heldur eigið skilgreint kerfi, er hann talinn hæfur, að því tilskyldu um sé að ræða gæðakerfi sem bjóðandi hefur notað. Tilgreina skal tvö verkefni sem unnin hafa verið eftir gæðakerfinu ásamt staðfestingu á notkun þess. Ef ekkert gæðakerfi er fyrir hendi eða upplýsingar vantar er viðkomandi bjóðandi ekki hæfur.

Hafi bjóðandi verið ábyrgur fyrir eftirliti með sambærilegu útboðsverki að upphæð 150 mkr. eða meira telst hann hæfur. Hafi bjóðandi ekki verið ábyrgur fyrir eftirliti með neinu sambærilegu útboðsverki að upphæð 150 mkr. eða stærra telst hann ekki hæfur.

### B. Krafa um eigið fé:

Gerð er krafa um að eigið fé bjóðanda sé jákvætt. Ef ársreikningur bjóðanda sýnir að eigið fé nái ekki þessari kröfu er verkkaupa þó heimilt að taka til greina upplýsingar í formi árshlutareiknings árituðum af löggiltum endurskoðanda eða yfirlýsingu löggilts endurskoðanda byggðri á upplýsingum um efnahag bjóðanda, um að eigið fé bjóðandans sé jákvætt á tilboðsdegi.

### C. Krafa um eðlilega viðskiptasögu:

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur verkkaipi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði, en með nýja kennitölu.

### D. Aðrar upplýsingar:

Þeir bjóðendur sem eftir opnum og yfirferð tilboða koma til álita sem viðsemjendur skulu, sé þess óskað, láta í té innan viku eftirtaldar upplýsingar. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga áskilur verkkaipi sér rétt til að líta svo á að bjóðandi hafi fallið frá tilboðinu. Farið verður með þessar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga, ef þær eru þess eðlis.

- Síðast gerðum endurskoðuðum ársreikningi, árituðum án fyrirvara um rekstrarhæfi félags af löggiltum endurskoðanda. Sé síðasti ársreikningur ekki endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða hann sýnir neikvæða eiginfjárstöðu er heimilt að leggja fram yfirlýsingu án fyrirvara um jákvæða eiginfjárstöðu frá löggiltum endurskoðanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu bjóðanda eigi fyrr en viku fyrir opnunardagsetningu tilboða.
- Yfirlýsingu frá banka / tryggingarfélagi, um að bjóðandi muni fá verktryggingu vegna verksins, án skilyrða.
- Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá.

#### 0.1.4 LAUSLEGT YFIRLIT YFIR EFTIRLITSVERKIÐ

Eftirlitsverkið felst í því að hafa eftirlit með öllum framkvæmdum fyrir Garðabæ, Veitur ohf., HS-Veitur hf., Mílu ehf. og Ljósleiðarann ehf. vegna gatnagerðar og lagnavinnu á svæði 2 – Krókur á miðsvæði Álftaness í Garðabæ.

Í útboðsverkinu er um að ræða gatna- og stígagerð, lagnavinnu fráveitu og ofanvatnsrásir og ofanvatnssvelgi og útrásir vegna uppbyggingar á nýju íbúðahverfi í Gásamýri og Svanamýri á Álftanesi. Í verkinu er einnig framkvæmd öll vinna við lagnir veitufyrirtækja á svæðinu. Vinna verktaka felst í því að grafa fyrir götum niður á burðarhæfan botn, ásamt grefti fyrir gangstéttum og stígum, fráveitu og vatnsveitulögnum og ofanvatnsrásum. Leggja og fylla undir og yfir fráveitu og vatnsveitu, fylla í götur og stéttar og malbika upphafshluta Svanamýrar og Gásamýrar. Vinna verktaka felst einnig í því að annast alla vinnu, bæði jarðvinnu og lagnavinnu, vegna heitavatns-, fjarskipta- og rafmagnslagna, leggja ídráttarrör, og reisa ljósastólpa og tengiskápa.

Undanskildar eru tengingar HS Veitna í götuskápum og samtengingar strengja sem starfsmenn HS Veitna annast sem og tengingar við virka lagnastofna Veitna. Þá er undanskilið lagning kantsteins, malbikun göngustíga og götu fyrir utan tengingu við Suðurnesveg og Breiðumýri sem og yfirborðsfrágangur annar en þökulögn og grjótvörn í ofanvatnsrásum og frágangur í kringum svelgi.

Eftirlitsverkið skal vinna samkvæmt meðfylgjandi útboðs- og verklýsingu auk verksamninga og annarra fylgigagna samnings um ofangreint útboðsverk.

Eftirlitsaðili skal annast eftirlit og innmælingar fyrir verkkaupa í samræmi við kröfur Garðabæjar, Veitna, HS Veitna, Ljósleiðarans og Mílu.

#### 0.1.5 KYNNINGARFUNDUR – VETTVANGSSKOÐUN

Kynningarfundur verður ekki haldinn með bjóðendum, en þeir eru hvattir til þess að kynna sér aðstæður á væntanlegum verkstað.

## 0.1.6 VERKSAMNINGUR – VERKÁÆTLUN

Þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði eftirlitsaðila telst kominn á samningur um verkið sbr. grein 3.1.2 í ÍST 30:2012.

Verkkaupi og eftirlitsaðili skulu gera með sér skriflegan samning um framkvæmd eftirlitsverksins. Eftirlitsaðili skal fyrir fram gera áætlun um eftirlit og umfang þess í hverjum mánuði á grundvelli verkáætlana og umfangi verkframkvæmda verktaka. Áður en vinna hefst í mánuðinum skulu upplýsingar liggja fyrir frá eftirlitsaðila um mannafla, greiðsluáætlun og um störf verkefnisstjóra eftirlitsaðila fyrir þann mánuð. Ofangreind gögn skal leggja fram til samþykktar hjá fulltrúa verkkaupa í upphafi hvers mánaðar.

Fulltrúar veitufyrtækja munu hafa faglegt eftirlit með lagningu veitulagna á samningstíma. Gangi eftirlitsverk ekki nágu vel fram, miðað við samþykktu verkáætlun, eða þyki fulltrúa verkkaupa eftirlitsaðili ekki rækja skyldur sínar s.s. varðandi faglegt eftirlit, skil á gögnum o.s.frv., þá er eftirlitsaðila skylt að bæta þar úr, fjölga starfsmönnum eða grípa til annarra nauðsynlegra ráðstafana.

## 0.1.7 FRAMKVÆMDATÍMI – VERKLOK

Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði eftirlitsaðila.

Framkvæmdum skal vera að fullu lokið eigi síðar en getið er í grein 0.1.2, *Útboðsform – útboðsyfirlit*. Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðsgögnum. Þá skal aðstaða verktaka hafa verið fjarlægð og vinnusvæðið hreinsað að fullu.

1. Eftirlitsaðili skal skila lokaskýrslu um útboðsverkið, sjá nánar grein 1.3.3, *Lokaskýrsla/reyndarteikningar*, innan tveggja mánaða frá því að lokauppgjör útboðsverksins hefur farið fram og verktaki hefur skilað inn lokareikningi.
2. Eftirlitsaðili skal annast ábyrgðarúttekt fyrir útboðsverkið, áður en ábyrgðartími rennur út. Greitt verður fyrir ábyrgðarúttekt samkvæmt tímagaldi skv. grein 2.2.2, *Tilboðsskrá*.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu eftirlitsaðila fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðsgögnum.

Framkvæmdum skal vera að fullu lokið eigi síðar en getið er í grein 0.1.2, *Útboðsform – Útboðsyfirlit*.

## 0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA, RÁÐGJAFU OG UMSJÓN

### 0.2.1 VERKKAUPI

**Verkkaupar:** Garðabær, kt. 570169-6109  
Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

Veitur ohf., kt. 501213-1870  
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

HS Veitur hf., kt. 431208-0590  
Selhellu 8, 221 Hafnarfirði

Míla ehf., kt. 460207-1690  
Stórhöfði 22–30, 110 Reykjavík

Ljósleiðarinn ehf., kt. 691206-3780  
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

#### Framkvæmdastjórn og eftirlit:

Tækni- og umhverfissvið Garðabæjar.  
Veitur ohf.  
Framkvæmdadeild HS Veitna.  
Míla ehf., Grunnkerfi.  
Ljósleiðarinn ehf.

#### 0.2.2 RÁÐGJAFAR

Útboðsgögn, gatnahönnun, fráveita, vatnsveita, hitaveita og götulýsing	Verkís hf. Ofanleiti 2, 103 Reykjaík Sími: 422 8000
---	---

Rafmagn:	HS Veitur hf. Selhellu 8, 221 Hafnafirði Sími 422 5200
----------	--

Síma- og fjarskiptalagnir:	Míla ehf. Stórhöfða 22–30, 110 Reykjavík Sími: 585 6000
----------------------------	---

Síma- og fjarskiptalagnir:	Ljósleiðarinn ehf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík Sími: 516 7777
----------------------------	---

#### 0.2.3 UMSJÓN VERKKAUPA

Verkkaupi skipar umsjónarmann með eftirlitsverkinu, hér eftir nefndur fulltrúi verkkaupa. Hann mun annast dagleg samskipti við eftirlitsaðila. Eftirlitsaðili skal í einu og öllu framkvæma eftirlitsverkið í samráði við fulltrúa verkkaupa. Fulltrúa verkkaupa til aðstoðar verða fulltrúar frá tækni- og umhverfissviði Garðabæjar, Veitum, HS Veitum, Mílu og Ljósleiðaranum sem verða viðstaddir úttektir á sínum lögnum.

Vinna eftirlitsaðila kemur ekki í stað opinbers eftirlits.

### 0.3 ÚTBOÐSGÖGN, REGLUGERÐIR OG STAÐLAR

#### 0.3.1 ÚTBOÐSGÖGN

Til útboðsgagna vegna eftirlitsverks þessa teljast neðangreind gögn:

- Útboðs- og verklýsing þessi ásamt tilboðsbók, dagsett í október 2022.
- Íslenskir staðlar ÍST 30 og ÍST 35, gildandi útgáfur við opnun tilboða.
- Aðrir staðlar (nýjasta útgáfa) og gögn sem vísað er til í ofantöldum gögnum.

- d) Útboðsgögn vegna útboðsverksins – **Álftanes, miðsvæði, Svæði 2 – Krókur, gatnagerð og lagnir.**
  - Útboðs- og verklýsing og tilboðsbók dagsett í september 2022.
  - Útboðsteikningar
- e) Ýmis gögn frá Mílu sem fylgja með útboðsgögnum eða vísað er til á vefsíðum viðkomandi veitna.
- f) Kröfur Veitna ohf. er varða eftirlit VRV-710 og innmælingar á lagnakerfum þeirra í sameiginlegum útboðsverkum LAV-115. Sjá <http://www.veitur.is/radgjafar-og-honnudir>

### 0.3.2 SKÝRINGAR Á ÚTBOÐSGÖGNUM

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Verkís hf. skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir lok tilgreindars fyrirspurnarfrests, sjá grein 0.1.2, *Útboðsform – útboðsyfirlit*.

Fyrirspurnin skal merkt: „Heiti verks“ og send með tölvupósti á netfangið [utbod@verkis.is](mailto:utbod@verkis.is).

Fyrirspurnir og svör við þeim verða send öllum sem sótt hafa útboðsgögn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein 0.1.2, *Útboðsform – útboðsyfirlit*. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgognunum.

Viðbótarupplýsingar og viðaukar við útboðsgögn verða birt á útboðsvef Garðabæjar.

### 0.3.3 UPPDRÆTTIR OG LÝSINGAR

Sjá greinar 0.5.2 og 0.10.3.

### 0.3.4 REGLUGERÐIR OG LEIÐBEININGAR

Eftirlitsaðili skal sjálfur útvega sér gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem gilda um framkvæmd eftirlits eftir því sem við á, svo sem:

- Skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðir.
- Lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð.
- Lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.
- Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda, nr. 715/2001.
- Lög um opinber innkaup, nr. 120/2016.
- Reglugerð um staðlað eyðublað fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu og stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup yfir EES viðmiðunarþjárhæðum.” nr. 1210/2021.
- Reglugerð um opinber innkaup á evrópska efnahagssvæðinu.
- Lög um framkvæmd útboða, nr. 65/1993.
- Reglugerðir um brunavarnir og brunamál.
- Reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009.
- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
- Meðferð jarðstrengja, reglur og leiðbeiningar.
- Lögreglusambykktir Garðabæjar.

- Reglur Vinnueftirlitsins.
- Reglugerð um hávaða, nr. 724/2008.
- Reglugerð um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar, nr. 510/2018.
- Reglur Neytendastofu.
- Rb-leiðbeiningarblöð og sérrit.
- Reglur vatnsveitna og hitaveitna.
- Reglugerð um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 297/2006.
- Reglugerð fyrir HS Veitur hf. nr. 944/2018.
- Reglur Mílu ehf., Reglur 005, útgefnar af Landssíma Íslands hf., 3. útg. 15. des. 1998 um „Jarðvinnuframkvæmdir“.
- Reglur um vinnusvæðamerkingar og Merkingar vinnusvæða – Teikningar, gefnar út af Vegagerðinni og Reykjavíkurborg. Hægt er að nálgast ritin á heimasíðu Vegagerðarinnar:  
<http://www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar/>
- Fræðslu- og leiðbeiningarit Vinnueftirlitsins nr. 17, Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarvinnustaði, útg. 2002.
- Öryggis- og heilbrigðisáætlun Garðabæjar.
- Öryggishandbók Veitna.

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

Ef einhverjar samþykkir eru ekki fyrir hendi í Garðabæ skulu tilsvarandi samþykktir fyrir Reykjavík gilda. Fara skal eftir nýjustu útgáfu hverju sinni.

Eftirlitsaðili skal í einu og öllu fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem útboðsverkið fellur undir og tryggja gæði eigin vinnu með eftirlitskerfi sbr. grein 1.1.2 *Eftirlitskerfi*.

### 0.3.5 UNDIREFTIRLITSAÐILAR

Ákvæði um undirverktaka eru í kafla 3.2 í ÍST 30 og í 77. grein laga nr. 120/2016 að því er varðar bann við gerviverktöku.

## 0.4 TILBOÐ

### 0.4.1 GERÐ OG FRÁGANGUR TILBOÐS

Tilboð skal gera í allt eftirlitsverkið eins og því er lýst í útboðsgögnum þessum.

Bjóðendur skili inn tilboði í tölvupósti á netfangið: utbod@verkis.is. Gögn skulu innihalda tæknilegt tilboð, samkvæmt grein 2.1, *Tæknilegt tilboð*, og verðtilboð, samkvæmt grein 2.2, *Verðtilboð*. Tilboðsblað skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda.

Bjóðendur skulu fylla út tilboðsbók sem fylgir útboðsgögnum þessum. Fylla skal út tilboðsblað og öll önnur eyðublöð tilboðsbókarinnar eins og texti segir til um. Sé tilboðsbók ekki að fullu útfyllt áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði. Tilboð skulu vera undirrituð af aðila sem hefur heimild til að skuldbinda fyrirtæki bjóðanda. Þá skal fylgja tilboði þau fylgigögn sem nefnd eru í grein 0.4.2, *Fylgigögn með tilboði*.

Innfalið í tilboði skal vera allur kostnaður eftirlitsaðila, svo sem launakostnaður, akstur, allt efni, tæki, sími og tölvubúnaður, skrifstofuáhöld ef með þarf, ljós og orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn eftirlitsaðila, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði o.s.frv.

Bjóðandi skal fylla út alla framangreinda liði til fulls. Í tæknilegu tilboði skulu ekki koma fram neinar fjárhagslegar upplýsingar.

Öll verð í tilboði skulu vera með virðisaukaskatti.

#### **0.4.2 FYLGIGÖGN MEÐ TILBOÐI**

Bjóðendur skulu skila inn undirrituðu tilboðsblaði, sem og útfylltri tilboðsskrá í tölvupósti, sjá grein 0.4.1, *Gerð og frágangur tilboðs*.

Því til viðbótar skal skila inn eftirtöldum fylgigögnum með tilboðinu:

- Skipurit fyrir eftirlitsverkið.
- Hvaða búnaður og aðstaða verður notað við rannsóknir, mælingar og úttektir.
- Lýsing á eftirlitskerfi, þar sem fram komi skipulag og aðferðir við eftirlit.
- Hvernig staðið er að gagnaskráningu og skjalavörslu.
- Starfsmenn við eftirlit, reynsla þeirra og menntun.
- Lýsing á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda, sbr. grein 2.4.7 í ÍST 30.
- Starfsábyrgðartryggingar.
- Reynsla fyrirtækisins af svipuðum eftirlitsverkum.
- Staðfesting frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði / lífeyrissjóðum um að bjóðandi sé í skilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld og/eða lífeyrissjóðsiðgjöld vegna starfsmanna.

**Staðfesting er sýnir fram á að bjóðandi sé í skilum skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnunar-dag tilboða, að þeim degi meðtöldum. Geti bjóðandi ekki sýnt fram á skilvísí sbr. framangreint er óheimilt að gera við hann samning.**

Farið verður með framangreindar fjárhagsupplýsingar bjóðenda í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

Sé verkkaupa kunnugt um að bjóðandi hafi á opnunardeggi tilboðs, verið sakfelldur með endan-legum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings.

**Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá samningum ef eitthvað af eittharandi á við:**

1. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
2. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
3. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
4. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem verkkaupa er unnt að sýna fram á.
5. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort skilyrði 1.–5. töluliðar eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, getur tilboðum þeirra verið vísað frá.

Farið verður með allar framlagðar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

#### 0.4.3 AUÐKENNI TILBOÐS

Undirrituðu tilboðsblaði og rafrænni tilboðsskrá og öðrum fylgigögnum skal skilað í tölvupósti á tölvupóstfangið: utbod@verkis.is. Tölvupóstur skal merktur með „Álftanes, miðsvæði, Svæði 2 – Krókur, gatnagerð og lagnir, eftirlit - TILBOÐ“ í efnislínu (e. subject) áður en tilboðsfrestur rennur út sbr. grein 0.1.2, *Útboðsform – útboð*. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn staðfestingarpóstur berst bjóðanda, hefur afhending ekki tekist. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og er mikilvægt að bjóðandi byrji með góðum fyrirvara að setja fram tilboð sitt. Tilboð telst skuldbindandi þegar því hefur verið skilað.

#### 0.4.4 TILBOÐSTRYGGING - GILDISTÍMI TILBOÐS

Ekki verður krafist tilboðstryggingar af hendi bjóðanda.

Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 8 vikur frá opnun tilboða.

Ákvæði um frest til að taka tilboði eru í grein 2.6 í ÍST 30.

#### 0.4.5 AFTURKÖLLUN TILBOÐA

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en skilafrestur tilboðs rennur út sbr grein 0.1.2 enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafn tryggum hætti.

#### 0.4.6 OPNUN TILBOÐA

Tilboð skulu hafa borist í tölvupósti á tölvupóstfangið: utbod@verkis.is eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um í grein 0.1.2, *Útboðsform – útboðsyfirlit* og verða þau opnuð 60 mínútum síðar í samræmi við ákvæði greinar 2.5 í ÍST 30.

Niðurstöður útboðs verða sendar bjóðendum með tölvupósti.

Bjóðendum eða umboðsmönnum þeirra gefst kostur á að fylgjast með opnun tilboða rafrænt og fá sendan hlekk á útsendingu opnunar í tölvupósti eftir að tilboði hefur verið skilað.

Þau tilboð sem berast eftir að liðinn er sá frestur sem settur var til að skila tilboðunum verða ekki opnuð.

#### 0.4.7 MEÐFERÐ OG MAT Á TILBOÐUM

Ákvæði um val á tilboði eru í grein 2.7 í ÍST 30 og í lögum um opinber innkaup þegar um EES útboð er að ræða.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðrétt-

ingar á niðurstöðutölum tilboðs en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendur. Einingerverð er einnig bindandi innan eðlilegra marka gagnvart þeim magnaukningum og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

Við yfirferð tilboða er einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útboðsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línum eða bætt línum við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slík tilboð sem gild, enda gildi þá ákvæði greinar 0.4.1, *Gerð og frágangur tilboðs um að óútfylltir liðir teljist innifaldir í öðrum liðum*.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vontun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vontunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

Verkkaupi mun annað hvort taka hagkvæmasta boði eða hafna öllum tilboðum. Hagkvæmasta tilboð er það boð sem er lægst að fjárhæð eða það boð sem fullnægir þörfum verkkaupa best samkvæmt þeim forsendum sem settar hafa verið fram í útboðsgögnum.

Við meðferð og mat á tilboðum metur verkkaupi hvort bjóðandi uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í grein 0.1.3, *Kröfur til bjóðenda*.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum standi málefnalegar ástæður til þess eða almennar forsendur fyrir útboði hafi brostið.

Í XI. og XII. kafla laga nr. 120/2016 er fjallað um kærunefnd útboðsmála og kæruleiðir. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106. gr. að kæra skuli borin skriflega undir kærunefndina innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkn samnings sé þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkn samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Um fresti og upplýsingar sem eiga að koma fram í kæru vísast til 106. gr. laga um opinber innkaup.

#### **0.4.8 PÓKNUN FYRIR GERÐ TILBOÐS**

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

### **0.5 GREIÐSLUR, VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR**

#### **0.5.1 ÝMIS GJÖLD OG KOSTNAÐUR SEM VERKKAUPI GREIÐIR (EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á)**

- 01 Stjórnunarkostnaður verkkaupa
- 02 Mælingargjöld
- 03 Úttektargjöld
- 04 Skipulagsgjald
- 05 Brunabótamatsgjald
- 06 Uppdrættir og útboðsgögn

#### **0.5.2 FRAMLAG VERKKAUPA**

Eftirlitsaðili fær til eigin afnota og án endurgjalds uppdrætti ráðgjafa, sérteikningar, útboðs- og verklýsingar. Sama gildir um breytingar á gögnum og viðbótargögn.

Eftirlitsaðili fær afhenta tölvugrunna af útboðsverkinu, þ.e. cad skrár af svæðinu með frágangi og grunna fyrir allar veitur. Hyggist eftirlitsaðili nota tölvugrunn verkkaupa, skal hann bera hann saman við teikningar, og staðfesta að hann sé í samræmi við þær, eða tilkynna verkkaupa um villur í honum eða á teikningum. Verkkaupi ber ekki ábyrgð á villum sem kunna að vera í tölvugrunninum.

### 0.5.3 BREYTINGAR Á EFTIRLITSVERKINU

Orðskýringar:

**Viðbótarverk** er skilgreint í grein 1.2.19 í ÍST 30. Allar breytingar sem verkkaupi gerir á verkinu, eftir að verksamningur er kominn á, teljast því vera viðbótarverk. Þó svo að viðbótarverk valdi að jafnaði hækkan á kostnaði verks, geta þau einnig valdið lækken á greiðslum til eftirlitsaðila, til dæmis ef verkkaupi tekur ákvörðun um að minnka umfang verks eða breyta verki til kostnaðarlækkunar með því að draga úr kröfum til fyrirskrifaðs efnis eða útfærslu.

**Aukaverk** er skilgreint í grein 1.2.5 í ÍST 30. Aukaverk koma því til vegna skorts á upplýsingum, ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum og öfugt við viðbótarverkin geta aukaverk einungis valdið kostnaðarauka í verkinu.

Komi til viðbótarverka eða aukaverka skal fylgja ákvæðum ÍST 30, grein 3.6. Verði samkomulag um að eftirlitsaðili vinni aukaverk eða viðbótarverk í tímavinnu skal nota taxta sem eftirlitsaðili býður í tilboði sínu. Þessa vinnu skal taka með í áætlun eftirlitsaðila fyrir mánuðinn sem þessi verk vinnast í og skulu þeir tímar samþykkjast fyrirfram af fulltrúa verkkaupa.

Eftirlitsaðili má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

Verkkaupi hefur rétt til að breyta eða fella niður hluta af eftirlitsverkinu á meðan á framkvæmd þess stendur yfir. Eftirlitsaðili á rétt á sérstakri greiðslu vegna aukins kostnaðar, sem af breytingunni leiðir og skal sú krafa byggð á verðlagi samnings og skal hún koma fram áður en framkvæmd breytingar hefst. Leiði breyting til lækkaðs kostnaðar, getur verkkaupi á sama máta krafist lækkunar á samningsfjárhæð, enda sé sú krafa gerð þegar í stað og á sama grundvelli og áður er lýst um aukinn kostnað. Aðilar skulu semja um þá hækken eða lækkun samningsfjárhæðar, sem leiðir af kröfum verkkaupa um breytingar, áður en vinna við verkliðinn hefst.

Ef um breytingar er að ræða, sem samið er um að eftirlitsaðili vinni í tímavinnu, skal hann tilkynna verkkaupa hvenær eftirlitsverkið verður unnið og af hverjum. Hann skal enn fremur framvísa yfirliti fyrir slíka vinnu eftir atvikum, þar sem skilmerkilega er tilgreint, hvaða eftirlitsverk hafa verið unnin og skv. hvaða töxtum, ásamt sundurliðuðum efniskostnaði ef um efnisnotkun er að ræða. Vinnu-listar starfsmanna fylgi slíkum reikningum. Slíkir tímavinnureikningar skulu greiddir á mánaðar fresti. Vinnuseðlar vegna aukaverka og viðbótarverka skulu áritaðir og samþykktir af fulltrúa verkkaupa.

### 0.5.4 GREIÐSLUR OG REIKNINGSSKIL

Greiðslur á verktíma miðast við verkframlag eftirlitsaðila samkvæmt tímajaldi, samkvæmt eftirfarandi reglum.

1. Í upphafi hvers mánaðar eftirlitsverksins mun fulltrúi verkkaupa ákveða, í samráði við verkefnistjóra eftirlits, áætlaðan fjölda klukkustunda í komandi mánuði, vegna allra þátta verksins.
2. Með öllum tímafærslum skulu fylgja góðar skýringar, ásamt stuðningi frá tímaskráningu eftirlitsaðila samkvæmt grein 1.2.4, *Daglegt eftirlit*.

Reikninga fyrir eftirlitsþóknun skal leggja fram mánaðarlega í byrjun hvers mánaðar. Reikninga skal senda til fulltrúa verkkaupa til yfirferðar, samþykktar og afgreiðslu.

Við gerð reikninga skal fylgja með yfirlit yfir heildarstöðu verksins við hverja reikningsútskrift. Fyrir aukaverk skal gera sérstaka reikninga. Með öllum reikningum skal fylgja vinnuskýrsla viðkomandi starfsmanna.

Reikningar skulu skráðir á:

Garðabær, kt. 570169-6109  
Garðatorgi 7, 210 Garðabæ

Veitur ohf., (skipt eftir verkþáttum), kt. 501213-1870  
Bæjarhálsi 1, 110 REYKJAVÍK

HS Veitur hf. (skipt eftir verkþáttum), kt. 431208-0590  
Selhellu 8, 221 Hafnarfirði

Míla ehf., kt. 460207-1690  
Stórhöfða 22-30, reikningur sendist í Ármúla 25, 108 Reykjavík  
Ljósleiðarinn ehf., kt. 691206-3780  
Bæjarhálsi 1, 110 REYKJAVÍK

Eftirlitsaðili skal skipta reikningum fyrir eftirlitsverkið eftir hlutfallstöllum um sameiginlegan kostnað allra verkkaupa við verkframkvæmdina, sbr. samkomulag aðila þar um.

Á hverjum reikningi til verkkaupa skal koma fram heiti verks og verkbeiðnanúmer, eftir því sem við á, sem eftirlitsaðili fær uppgefið í upphafi verks.

Verkkaupar áskilja sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Sé eftirlitsaðili í skuld við verkkaupa á meðan á verki stendur, áskilja Garðabær, Veitur ohf., HS Veitur hf., Míla ehf. og Ljósleiðarinn ehf. sem verkkaupar, sér rétt til þess að ráðstafa greiðslum fyrir verk þetta til greiðslu skulda verktaka við verkkaupa.

## 0.5.5 VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

Samningsfjárhæð er á föstu verðlagi og því verða engar verðbætur greiddar til verktaka á samningstímanum.

## 0.5.6 FYRIRFRAMGREIÐSLA

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu eftirlitsverki.

## 0.5.7 MAGNBREYTINGAR

Á ekki við.

## 0.6 ÁBYRGÐIR, TRYGGINGAR OG ÁGREININGSMÁL

### 0.6.1 ÁBYRGÐ, TRYGGINGAR OG LÖGBODIN GJÖLD

Slysatryggingu starfsmanna sinna skal eftirlitsaðili annast og kosta, sem og önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld, sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja þjónustu.

Hvenær sem er á framkvæmdatíma eftirlitsverksins getur verkkaupi krafist gagna til staðfestingar því, að lögboðin gjöld, svo sem staðgreiðsla skatta, tryggingagjöld, virðisaukaskattur, lífeyrissjóðsgjöld o.s.frv. séu í skilum. Eftirlitsaðili skal afhenda verkkaupa afrit af skírteinum fyrir þeim tryggingu, sem hann greiðir fyrir vegna eftirlitsverksins á hverjum tíma, ásamt með staðfestingu á greiðslu iðgjalda af þessum tryggingum.

### 0.6.2 STARFSÁBYRGÐARTRYGGING

Eftirlitsaðili skal hafa gildandi starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi hans. Tryggingarfjárhæð skal vera a.m.k. 50 mkr. Hann skal afhenda fulltrúa verkkaupa afrit af skírteinum fyrir þeim starfsábyrgðartryggingum, sem hann hefur vegna eftirlitsverksins á hverjum tíma.

Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna þessa samnings.

### 0.6.3 VEÐSETNINGAR – EIGNARRÉTTAFYRIRVARAR

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki verkkaupa. Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum.

### 0.6.4 MISRÆMI Í GÖGNUM

Á ekki við.

### 0.6.5 ÁGREININGSMÁL

Rísi ágreiningur milli verkkaupa og eftirlitsaðila um eftirlitsverk það, sem lýsing þessi fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjaness. Kostnaður við aðgerðir samkvæmt grein þessari skal ákveðinn af dóminum sjálfum svo og hver skuli greiða þann kostnað.

Sé ágreiningurinn að mestu eða öllu leyti tæknilegs eðlis má með samþykki beggja aðila vísa málinu til gerðardóms sbr. gr. 12 í ÍST 35.

Verði ágreiningur milli eftirlitsaðila og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal eftirlitsaðila þó eigi að síður framkvæma eftirlitsverkið skv. fyrirmælum verkkaupa sbr. grein 6.3 ÍST 30. Rísi ágreiningur um mál þetta skal honum skotið til Héraðsdóms Reykjaness.

### 0.6.6 VANEFNDIR OG UPPSÖGN

Verktaki skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er verkkaupa heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda verktaka er verktaki að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti verktaki nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða veðrur úrskurðaður gjaldþrota, eða er andlag árangurslauss fjárnáms getur verkkaupi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu verktaka að ræða getur verkkaupi sagt upp samningi með mánaðar fyrirvara.

## 0.7 VINNUSTAÐUR

### 0.7.1 ATHAFNASVÆÐI OG VINNUAÐSTAÐA

Athafnasvæði eftirlitsaðila verður inni á vinnusvæði verktaka við útboðsverkið eins og það er/ verður sýnt á teikningum ráðgjafa í útboðsgögnum fyrir verkið.

### 0.7.2 HÚSNÆÐI FYRIR STARFSMENN, TEIKNINGAR OG EFNI

Í húsnæði verktaka á verkstað verður aðstaða til að geyma teikningar og halda verkfundi.

Eftirlitsaðili skal sjálfur sjá sér fyrir húsnæði fyrir aðstöðu sína og búnað á verkstað, ef hann telur þörf á því.

### 0.7.3 LJÓS, HITI, AKSTUR, VÉLAR OG FLEIRA

Eftirlitsaðili skal, nema annað komi fram í grein 0.5.2, *Framlag verkkaupa*, leggja til og kosta öll áhöld, tæki og verkfæri, sem til þarf við eftirlitið, enn fremur allan flutning á mönnum og tækjum.

### 0.7.4 UMHIRÐA Á VINNUSTAÐ

Umhirða og umgengni eftirlitsaðila á vinnusvæði og í vinnuskúrum verktaka skal ávallt vera góð. Um almenna umgengni og umhirðu á vinnustað vísast að öðru leyti til kafla 4.2 í ÍST 30.

### 0.7.5 ÖRYGGI Á VINNUSTAÐ

Orðin vinnustaður, framkvæmdastaður, byggingarstaður, athafnasvæði og verkstaður hafa sömu merkingu í þessum útboðsgögnum.

Eftirlitsaðili skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta. Einnig er vísað til ákvæða útboðslýsingar útboðsverksins.

### 0.7.6 ÝMIS SÉRÁKVÆÐI VEGNA VINNU FYRIR VEITUR

Bjóðandi skal gera ráð fyrir að þurfa að sækja m.a. eftifarandi námskeið hjá Veitum, hafi hann ekki þegar setið þau:

- Almennt öryggisnámskeið hjá Promennt eða sambærilegum – um 6 klst., greiðist af bjóðanda.
- Sérstakt öryggisnámskeið Veitna – um 1–2 klst. Veitur halda námskeiðið en bjóðandi greiðir tímann við að sitja námskeiðið.
- Umhverfisvitund – um 1 klst.

Innmælingar fyrir Veitur skal gera í samræmi við LAV-115 Innmælingaleiðbeiningar.

Öryggisúttektir EBV-745 skal framkvæma fyrir hvern verkfund.

Hlutverk bjóðanda fyrir Veitur fylgir leiðbeiningum VRV-710, sjá <https://www veitur.is/radgjafar-og-honnudir>

### 0.7.7 ÝMIS SÉRÁKVÆÐI VEGNA VINNU FYRIR HS VEITUR

Á ekki við í þessu verki.

### 0.7.8 SÉRÁKVÆÐI VEGNA VINNU VIÐ FJARSKIPTALAGNIR MÍLU

Á ekki við í þessu verki.

## 0.7.9 SÉRÁKVÆÐI VEGNA VINNU VIÐ FJARSKIPTALAGNIR LJÓSLEIÐARANS

Á ekki við í þessu verki.

## 0.8 FRÁGANGUR OG GÆÐI EFTIRLITSVERKS

Á ekki við í þessu verki.

## 0.9 TEIKNINGASKRÁ

Á ekki við í þessu verki.

## 0.10 FYLGISKJÖL

### 0.10.1 FORM VERKTRYGGINGAR

Á ekki við í þessu verki.

### 0.10.2 VERKMAPPA

Á ekki við. Sjá grein 1.1.2, *Eftirlitskerfi*.

### 0.10.3 GÖGN Á ÚTBOÐSVEF GARÐABÆJAR

#### 0.10.3.1 Útboðsgögn eftirlitsverks

- Útboðs- og verklýsing
- Tilboðsbók

#### 0.10.3.2 Útboðsgögn útboðsverks

- Útboðs- og verklýsing, tilboðsbók
- Tilboðsskrá
- Útboðsteikningar

### 0.10.4 GÖGN Á VEF VEITNA

Eftirlitsaðili skal kynna sér LAV-115 og VRV-710 og eru þau að finna á vef Veitna [www veitur is/radgjafar-og-honnudir](http://www veitur is/radgjafar-og-honnudir). Mikilvægt er að umsjónarmaður í verkinu kynnir sér þessi gögn vandlega sem eru innmælingarleiðbeiningar fyrir lagnir Veitna og hlutverk umsjónarmanns fyrir hönd Veitna.

## 1. VERKLÝSING – EFTIRLIT

### 1.1 ALMENNT

#### 1.1.1 STUTT YFIRLIT YFIR EFTIRLITSVERKIÐ

Verkefni eftirlitsaðila er að hafa eftirlit með útboðsverkinu Álftanes, miðsvæði, Svæði 2 – Krókur, gatnagerð og lagnir.

Eftirlitsaðili skal koma fram fyrir hönd verkkaupa við framkvæmd verksamnings í heild eða hluta, svo sem útboðs- og verklýsing þessi segir til um.

#### 1.1.2 EFTIRLITSKERFI

Eftirlitsaðili skal skilgreina eftirlitskerfi og búa til verkferla í eftirlitsverkinu. Eftirlitskerfi skal samanstanda af þremur meginþáttum:

- Eftirlitsaðili skal haga eftirliti í samræmi við kröfur sem settar eru fram hjá verkkaupum, sjá greinar 0.10.3, *Gögn á útboðsvef Garðabæjar* og 0.10.44, *Gögn á vef Veitna*.
- Verkkaupi gerir þá kröfu til eftirlitsaðila að hann komi sér upp og fylgi ákveðnu eftirlitskerfi. Eftirlitskerfi þarf að ná yfir alla þætti eftirlitsverksins og þarf jafnframt að vakta virkni á innra gæðakerfi verktaka. Markmið með eftirlitskerfi er að allar aðgerðir séu kerfisbundnar, skjalfestar og auðraktar. Samræmi eftirlitkerfisins við útboðsverkið skal tryggt með því að vísa til einstakra gagna kerfisins í hverjum verkþætti.

Eftirfarandi lýsing á eftirlitskerfi eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til slíks kerfis. Bjóðandi skal skila inn með tilboði sínu greinargóðri lýsingu á því kerfi sem hann ætlar að nota. Fyrir undirskrift verksamnings skal eftirlitsaðili leggja fram drög að eftirlitskerfinu til samþykktar hjá fulltrúa verkkaupa.

- Handbók eftirlits. Handbók eftirlitsaðila skal grundvalla á kröfum ISO 9001 staðalsins, þar sem m.a. komi fram skjalfestar vinnulýsingar og verklagsreglur, skýr ábyrgðarskipting, m.a. skipurit eftirlitsaðila og verkkaupa, helstu upplýsingar um eftirlitsaðila, verkkaupa og verktaka, stýring frábrigða og úrbóta. Handbók skal leggja fyrir fulltrúa verkkaupa til samþykktar í upphafi eftirlitsverks.

Gögn sem eftirlitsaðili leggur til við uppbyggingu á eftirlitskerfi, skulu hafa beina tilvísun í samningsgögn verktaka. Þau skulu enn fremur byggð á eftirlitsáætlun eftirlitsaðila, þannig að fram komi:

- Hvaða atriðum hefur eftirlitsaðili eftirlit með.
- Hvar eru niðurstöður eftirlitsverksins skráðar.
- Hvaða aðferðum er beitt við eftirlit.
- Hvar skrár, skjöl og önnur gögn eru vistuð og hvernig.
- Nöfn ábyrgðarmanna.
- Skipurit fyrir heildarstjórnunarkerfi, þ.e. skilgreining á boðleiðum milli verkkaupa, ráðgjafa, eftirlitsaðila, verktaka og opinberra aðila auk annarra er að útboðsverkinu koma.
- Eftirlitsáætlun sem byggð er á kröfum samningsgagna.
- Samskiptalisti fyrir eftirlitsverkið, þar sem fram koma helstu upplýsingar um þá aðila sem vinna við útboðsverkið, þ.e. heiti, fyrirtæki, símanúmer og netfang.

9. Efnislisti fyrir allt efni sem notað er í útboðsverkinu, þar sem fram komi efnisgerð, hvar það er keypt, ábyrgð, ásamt tilvísun í rannsóknir og/eða efnisvottorð.

Eftirlitsaðili skal enn fremur skilgreina eftirfarandi verlagsreglur (hvar, hvenær og hver) og vinnulýsingar (hvernig) í samræmi við ISO 9001, sem hann skal nota:

- a. Verlagsreglu fyrir stýringu skjala og skráa, þ.e. skjöl eftirlitsaðilans s.s. verlagsreglur fyrir einstaka verkþætti, úttektarblöð, vinnulýsingar, skýrslur, rannsóknir, mælingar o.s.frv.
- b. Verlagsreglur fyrir póst inn og póst út, þ.e. bréf, minnisblöð og tölvupósta.
- c. Verlagsreglu fyrir móttöku, dreifingu og vistun nýrra teikninga/vinnuteikninga.
- d. Verlagsreglu fyrir innmælingar og skil þeirra gagna.
- e. Vinnulýsingu fyrir útgáfu beiðna vegna efnisúttekta.
- f. Vinnulýsingu fyrir yfirferð reikninga.
- g. Vinnulýsingu fyrir meðhöndlun frávika/galla.
- h. Vinnulýsingu fyrir umsjón aukaverka og útgáfu verkbeiðna.
- i. Vinnulýsingu fyrir meðhöndlun á kröfugerðum verktaka.
- j. Vinnulýsingu fyrir nýja greiðsluliði.
- k. Vinnulýsingu fyrir breytingar á samningsgönum/viðbótarsamninga.
- l. Vinnulýsingu fyrir eftirlit með einstökum verkþáttum.
- m. Vinnulýsingu fyrir verkþáttarýni.

### **1.1.3 FYRIRLIGGJANDI GÖGN - SAMVINNA VIÐ VEITUFYRIRTÆKI**

Eftirlitsaðili skal annast eftirlit fyrir Veitur, HS Veitur, Mílu og Ljósleiðaran. Eftirlitsaðili skal kappkosta að hafa gott samráð við fulltrúa verkkaupa og fulltrúa frá Veitum, HS Veitum, Mílu og Ljósleiðaranum, sem verða viðstaddir úttektir og sinna munu tilfallandi eftirliti (fageftirlit) með útboðsverki og eftirlitsverki, hver á sínu sviði.

Eftirlitsaðili skal mæla inn allar lagnir Garðabæjar, Veitna, þ.e. legu allra lagna, öll horn, brunna, niðurföll, loka, heimæðartengingar, heimæðaenda, ídráttarröraenda o.s.frv, sjá einnig grein 1.2.11, *Mælingar*. Mælingar fyrir HS-Veitur eru innifaldar verkþáttum framkvæmdaverks og skal verktaki framkvæmdaverksins gera ráð fyrir þeirri vinnu í sínu tilboði. Fageftirlitsaðilar Mílu munu sjá um innmælingar fyrir það fyrirtæki. Fageftirlitsaðilar Ljósleiðarans munu sjá um innmælingar fyrir það fyrirtæki.

### **1.1.4 VERKSVIÐ**

Eftirlitsverkið nær yfir mörg verksvið og gerð er krafa um að starfsmenn eftirlitsaðila hafi viðtæka reynslu í sambærilegum eftirlitsverkum.

Eftirlitsaðili skal koma fram fyrir hönd verkkaupa gagnvart verktaka um allt sem lýtur að framkvæmd verksamnings. Hann skal sjá um að verk séu unnin samkvæmt áætlunum, bæði tæknilega og framkvæmdalega innan fjárhagsramma útboðsverksins. Hann skal einnig leggja sig fram um að halda árekstrarlausu og góðu sambandi milli verkkaupa og verktaka. Ef fleiri en einn verktaki vinnur að sama verki, skal eftirlitsaðili sjá um að þeir samræmi sín verk.

Eftirlitsaðili skal hafa eftirlit með verkinu Álftanes, miðsvæði, Svæði 2 – Krókur, gatnagerð og lagnir.

Eftirlitsaðili skal sjá um að áætlunum, ákvæðum samninga, samþykktum o.fl. sé framfylgt meðan framkvæmdir á útboðsverki standa yfir. Hann skal stjórna daglegu eftirliti, taka ákvarðanir út frá niðurstöðum rannsókna og fylgjast með verkgangi miðað við samþykktu framkvæmdaáætlun.

Eftirlitsaðili skal fylgjast með framkvæmd útboðsverksins samkvæmt samþykktu eftirlitskerfi, án þess að ganga inn á verksvið ráðgjafa, verktaka, eða fulltrúa verkkaupa. Hann skal sjá um að gerðir séu skriflegir viðbótarsamningar milli verkkaupa og verktaka og leggja þá fyrir fulltrúa verkkaupa til samþykktar.

Komi fram tillaga eða óskir frá verktaka eða öðrum aðilum um breytingar á hönnun eða öðru sem útboðsverkið varðar, skal eftirlitsaðili leggja slíkt fyrir fulltrúa verkkaupa, sem felur síðan eftirlitsaðila að annast samskipti við viðkomandi aðila, ef til breytinga kemur.

Eftirlitsaðili skal sjá um alla skjalastýringu eftirlitsverksins og skal haga á skipulegan hátt öllum gögnum sem varða sérhvert verkefni, senda afrit af bréfum og öðrum gögnum, eins og samkomulag verður um við fulltrúa verkkaupa.

### 1.1.5 SAMSKIPTI

Eftirlitsaðili skal annast samskipti við fulltrúa verkkaupa, ráðgjafa, verktaka, stofnanir, sveitarfélög og einstaklinga eftir því sem við á hverju sinni. Eftirlitsaðili skal sjá um að boða ráðgjafa á verkfundi í samráði við fulltrúa verkkaupa.

Sérfundi skal halda í samráði við fulltrúa verkkaupa og ef hann óskar. Eftirlitsaðili skal boða alla sérfundi í samráði við fulltrúa verkkaupa.

Eftirlitsaðili skal sjá um öll nauðsynleg samskipti við yfirvöld í samræmi við útboðs- og verklýsingu þessa.

### 1.1.6 SKÝRSLUR, UPPLÝSINGAR, SKJÖL


Eftirlitsaðili skal gera allar almennar og nauðsynlegar skýrslur um framvindu útboðsverks og skilagrein í lok útboðsverks. Eftirlitsaðili skal sjá um að allar upplýsingar sem einhverju skipta, berist til verkkaupa, ráðgjafa og annarra sem málið varða, án tafar.

Gögnum skal skila á pappír og tölvutæku formi eftir eðli og ástæðum hverju sinni og miða við nýjustu útgáfu eftirtalinna forrita:

Microsoft Windows  
Word  
Excel  
Autocad  
MS Project.

## UMSJÓN VERKKAUPA

Á skipuritinu hér að neðan er sett fram stjórnunarleg staða og samskiptaleiðir milli eftirlitsaðila, verkkaupa og verktaka.



Verkkaupi skipar sérstakan fulltrúa verkkaupa. Fulltrúi verkkaupa sér um öll samskipti milli verkkaupa og eftirlitsaðila. Fulltrúa verkkaupa til aðstoðar verða fulltrúar frá Veitum, Mílu og Ljósleiðaranum sem verða viðstaddir úttektir og munu einnig sinna fageftirliti með útboðsverki og eftirlitsverki. Ef fulltrúi verkkaupa er fjarverandi tilnefnir hann staðgengil sinn.

Fulltrúi verkkaupa sér um öll samskipti við verkkaupa og kemur á gagnkvæmu upplýsingastreymi við alla aðila sem samninginn varðar.

Fulltrúi verkkaupa sér um að fylgjast með framvindu samninga milli verkkaupa og eftirlitsaðila, án þess að ganga inn á verksvið eftirlitsaðila, nema um annað sé samið milli allra aðila eftirlitsverksins. Hann sér um og ákveður hvaða upplýsingar um útboðsverkið fara til fjöldamóra.

Fulltrúi verkkaupa, fulltrúar Garðabæjar, Veitna, HS Veitna, Mílu og Ljósleiðarans og eftirlitsaðili skulu halda bókaða fundi mánaðarlega þar sem eftirlitsaðili gerir grein fyrir framvindu, verkgæðum og öðru því sem getur haft áhrif á framgang útboðsverksins, sjá grein 1.2.6, *Verkfundir/umsjónarfundir*.

## 1.2 VERKEFNI EFTIRLITSAÐILA

### 1.2.1 AÐSTAÐA EFTIRLITSAÐILA Á VINNUSVÆÐI

Sjá grein 0.7, *Vinnustaður*.

### 1.2.2 ATHUGUN GAGNA

Í upphafi verks skal eftirlitsaðili yfirfara öll gögn vegna útboðsverksins, m.a. teikningar, verk-samninga, verklýsingar, útboðgögn og annað sem útboðsverkið varðar. Enn fremur skal hann kynna sér ákvæði verksamnings og þá m.t.t. uppgjörsmála, meðhöndlunar viðbótarverka, breytinga á teikningum, verðbótaákvæða, upphaf framkvæmda, verklok o.s.fr. Eftirlitsaðili skal áður en framkvæmdir hefjast einnig kynna sér kröfur sem gerðar eru um framkvæmd einstakra verkþátta og verkhluta og síðan reglulega meðan á framkvæmdum stendur og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Eftirlitsaðili skal sjá til þess að allir sem koma að framkvæmd útboðsverksins kynni sér vel þessi gögn og að aðilar hafi sameiginlegan skilning á þeim. Eftirlitsaðili skal skila skriflegum niðurstöðum á athugun gagna til fulltrúa verkkaupa.

Eftirlitsaðili skal hafa yfirumsjón með lokun vinnusvæðisins og aðgangsstýringu inn og út af því þó að hinir ýmsu verktakar muni hafa umsjón með þessu á meðan þeir eru á svæðinu.

Eftirlitsaðili skal útbúa eftirlitsáætlun vegna verksins í samráði við verkkaupa. Þar komi fram hvað skal gera, hvernig, hvenær, hvaða kröfur skal uppfylla og hver ber ábyrgð á viðkomandi verkþætti.

Í þeim tilfellum þar sem fram hefur farið umhverfismat vegna útboðsverksins skal eftirlitsaðili kynna sér það.

Öll hönnunargögn, nýjustu teikningar ásamt samningsgögnum, viðeigandi leiðbeiningum og stöðlum skulu ávallt vera tiltæk á skrifstofu eftirlitsaðila. Eftirlitsaðili skal sjá til þess að unnið sé eftir teikningum sem hafa verið samþykktar af viðkomandi yfirvöldum.

Ef í ljós kemur ósamræmi milli gagna útboðsverksins, t.d. milli verklýsinga og teikninga, skal eftirlitsaðili koma viðkomandi athugasemd til fulltrúa verkkaupa, sem sér um að gögn séu samræmd.

### 1.2.3 RÝNI VERKPÁTTA

Eftirlitsaðili skal halda minnst einn fund með verktaka og ráðgjöfum þar sem farið er yfir teikningar og verklýsingu (verkpáttarýni). Við stærri útboðsverk er ástæða til þess að þessir aðilar rýni sameiginlega alla helstu verkþætti.

Áður en sá fundur hefst skal eftirlitsaðili fara ítarlega yfir hvern verkþátt, teikningar og verklýsingar og önnur nauðsynleg gögn. Ábendingar og athugasemdir um útfærslur skulu bókaðar. Lögð skal áhersla á að finna og leysa þá þætti sem valdið geta göllum í útfærslu og framkvæmd.

Eftirlitsaðili skal undirbúa og stýra verkpáttarýni. Verkpáttarýni fer þannig fram að a.m.k. tveimur vikum áður en viðkomandi verkþáttur hefst, er haldinn fundur með yfirstjórnda verktaka, ábyrgðaraðila hvers verkþáttar, ásamt ráðgjöfum verkkaupa ef með þarf. Eftirlitsaðili skal stýra fundum, bóka það sem fram kemur á fundunum og senda fundarmönnum afrit af fundargerðum.

Meginmarkmið verkpáttarýni eru að:

- Tryggja rétta útfærslu á verkpættinum frá upphafi.
- Tryggja að öll nýjustu gögn sem varða málið liggi fyrir svo sem samþykktir, teikningar, réttar verklýsingar, efnis- og búnaðarlýsingar o.s.frv.

- Tryggja að skilningur verktaka, hönnuða og eftirlitsaðila sé sami á öllum þáttum verkþáttarins.
- Tryggja lágmarkskostnað miðað við gerðar kröfur um gæði.

#### 1.2.4 DAGLEGT EFTIRLIT

Eftirlitsaðili skal halda dagbækur fyrir eigin vinnu. Í þeim skal vera stutt lýsing á daglegu verkefni eftirlitsaðila, helstu verkþáttum sem unnið er að hverju sinni, mannafla hans og tækjum, eftir atvikum athugasemdir og hvaða kröfur eru gerðar til verktaka og kröfur frá þeim, breytingar og lagfæringer á útfærslu, niðurstöður rannsókna og annað er máli skiptir fyrir útboðsverkið. Dagbókum skal skila inn vikulega til fulltrúa verkkaupa.

Eftirlitsaðili skal fylgjast með dagskýrslum verktaka, yfirfara þær og undirrita sbr. grein 3.3.3 í ÍST30. Í þeim skulu koma fram upplýsingar um veðurfar, helstu verkþætti sem unnið er að, fjölda manna og tækja í vinnu hjá verktaka. Eftirlitsaðili skal fylgjast með verkframvindu og bera saman við verkáætlun verktaka. Hann skal fylgjast með því að verktaki hafi á hverjum tíma nægileg aðföng til að framkvæma útboðsverkið samkvæmt verkáætlunum og miðað við þær lokadagsetningar sem samningar kveða á um. Ef í ljós kemur að verktaki vinnur útboðsverkið á annan hátt, en gert er ráð fyrir í upphaflegri áætlun hans, eða að verkhraði er annar, skal eftirlitsaðili sjá til þess að verktaki leggi fram nýja verkáætlun til samþykktar hjá fulltrúa verkkaupa og geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta ef með þarf.

Hluti af daglegu starfi eftirlitsaðila er m.a. að:

- Sinna daglegu eftirliti.
- Fylgjast með því að gæði útboðsverksins séu í samræmi við kröfur útboðsgagna og samninga fyrir verkið.
- Sjá um að ákvæðum samninga, samþyktra áætlana o.fl. sem varðar eðlilega framkvæmd útboðsverks sé framfylgt meðan á framkvæmdum stendur.
- Undirbúa, þegar við á, viðauka við verksamninga og annast breytingar á tæknilegum og fjárhagslegum ákvæðum verksamninga í samráði við fulltrúa verkkaupa.
- Mæta daglega á verkstað þegar verkframkvæmd er í gangi.
- Sinna eftirliti með öryggismálum og gera öryggisúttektir, sbr. grein 0.7 í útboðslýsingu hér á undan.
- Hafa yfirumsjón með öllu verksvæðinu þ.e. innan girðingar, þ.m.t. lokun svæðisins að nótlu til o.þ.h.
- Mæla inn lagnir allra veitufyrirtækja.
- Fylgjast með og skrá alla helstu þætti við framkvæmd eftirprófana, svo sem þrýstipróf, suðupróf o.s.frv. og sjá um nauðsynlegar aðgerðir sem leiða af niðurstöðum prófana.
- Yfirfara magntölur og reikninga verktaka. Gera reglulega áætlun um mánaðarlegar greiðslur verkkaupa til verktaka, vegna verksamninga og annars kostnaðar á framkvæmdatímanum.
- Hafa eftirlit með að vinnuteikningar og önnur viðkomandi gögn berist tímanlega á verkstað og að verktaki sé alltaf að vinna með nýjustu útgáfu.
- Sjá um að breytingar á útboðsverkinu séu færðar inn á vinnuteikningar og viðkomandi gögn séu leiðrétt svo að verkgögn þau sem fylgt hefur verið sýni óyggjandi hvernig útboðsverkið var unnið.

- Sjá um uppgjör verkáfanga og útboðsverks í heild. Fylgjast með og greina kostnað við einstaka verkliði og verkhleta og að hann sé í samræmi við samninga þar um.
- Sannreyna og skjalfesta að verktaki láti gera allar þær úttektir sem bundnar eru í lögum eða reglugerðum um úttektir hjá opinberum aðilum.
- Taka myndir (á stafrænu formi) sem skýra framvindu útboðsverksins.
- Sjá um skráningu og samantekt á reynslu úr útboðsverkinu (skilagreinar).
- Ganga úr skugga um að verktaki hafi viðurkennda hæfni sbr. kröfur í útboðsgögnum, s.s. suðupróf, jarðlagnatækninámskeið o.fl. áður en viðkomandi hefur störf.
- Sjá um samskipti við hagsmunaaðila (í samráði við fulltrúa verkkaupa).
- Sinna eftirliti með öryggismálum og vinnusvæðamerkingum.
- Gera allt annað er lýtur að eðlilegu eftirliti með framkvæmd verksamninga þótt ekki sé talið hér að framan.

### **1.2.5 FAGLEGT EFTIRLIT**

Eftirlitsaðili skal gera eftirlitskerfi fyrir eftirlitsverkið (sjá nánar grein 1.1.2, *Eftirlitskerfi*) og leggja fram, til samþykktar hjá fulltrúa verkkaupa, þar sem fram kemur hvernig hann hyggst fylgjast með verkgæðum hjá verktaka og hvaða rannsóknir skal framkvæma.

Helstu verkþættir sem eftirlitsaðili skal sjá um:

- Fylgjast með því að verktaki skili inn þeim gögnum sem krafist er skv. verklýsingu (prófunarskýrslum, áhættugreiningu, verkbók og dagskýrslum) og ganga úr skugga um að niðurstöður mælinga og rannsókna uppfylli lágmarksþrófur sem gerðar eru í verk- og efnislýsingum útboðsverksins.
- Meta niðurstöður mælinga og rannsókna.
- Vekja athygli verktaka, fulltrúa verkkaupa og ráðgjafa á athyglisverðum niðurstöðum prófana, sem kynnu að hafa áhrif á gæði og framgang útboðsverksins.
- Sjá til þess að öll vinna og allt efni sem verktaki leggur til útboðsverksins sé í samræmi við kröfur útboðsgagna fyrir verkið. Sama gildir um efni sem verkkaupi leggur til.
- Fylgjast með því að gæði útboðsverksins séu í samræmi við fyrirskrifðar kröfur og samninga.

Verkkaupi leggur sérstaka áherslu á að eftirlitsaðili hafi ávallt góða yfirsýn yfir útboðsverkið, með það í huga að sjá fyrir hugsanleg vandamál sem geta komið upp í útboðsverkinu til þess að hægt sé að taka tímanlega á þeim og tryggja þannig sem bestan framgang í útboðsverkinu.

### **1.2.6 VERKFUNDIR/UMSJÓNARFUNDIR**

Á verkfundum í útboðsverkinu koma saman fulltrúar frá verkkaupa, Veitum, HS Veitum, Mílu, Ljósleiðaranum, eftirlitsaðila, verktaka og öðrum aðilum sem til hans eru boðaðir til að ræða þau mál sem varða samninga og framkvæmd útboðsverksins. Verkfundi skal halda hálfsmánaðarlega.

Fyrsti verkfundur er haldinn þegar samningur er kominn á milli verktaka og verkkaupa.

Verkefnisstjóri eftirlitsaðila skal stýra verkfundi, sjá um að fundargerð sé rituð og senda afrit af fundargerð til allra fundarmanna innan 4 daga til yfирlestrar. Fundargerðin skal síðan yfirfarin og undirrituð á næsta verkfundi. Eftirlitsaðili skal undirbúa verkfundi þannig að hver fundur geti gengið fyrir sig án ónauðsynlegra tafa.

Verkfundir skulu vera tölusettir. Í haus fundargerðar skal koma fram: Kennimark (lógó) verkkaupa, heiti útboðsverks, verknúmer, fundarstaður, dagsetning, númer verkfundar og hverjir sátu fundinn. Dagskrárlíðir verfkunda skulu hafa fast númer, þannig að hægt sé að rekja á auðveldan hátt framgang og afgreiðslu hvers máls. Inn á verkfundargerð skal merkja dagskrárlíði sem ræddir eru á hverjum verfkundi, með viðkomandi númeri og heiti.

Í verkfundargerðir skal skrá öll mál sem rædd eru og varða útboðsverkið og skulu viðbótarsamningar, orðsendingar, greinargerðir og önnur skjöl sem máli skipta og ekki eru skrifuð óbreytt í fundargerðina fylgja henni, greinilega merkt sem fylgiskjöl.

Verkfundargerðir með fylgiblöðum skulu mynda heildstætt yfirlit yfir útboðsverkið þannig að ekki þurfi að leita annars staðar en í verkfundargerðum til öflunar upplýsinga um útboðsverkið.

Fulltrúar verkkaupa og veitufyrirtækja mæta á verfkundi eftir þörfum.

Halda skal umsjónarfundi mánaðarlega með fulltrúum þessum. Á fundunum skal eftirlitsaðili gera grein fyrir framvindu, verkgæðum og öðru því sem getur haft áhrif á framgang útboðsverksins. Dagskrá umsjónarfunda skal vera skv. neðangreindu:

- 01 Síðasta fundargerð
- 02 Verkáætlun/verklök/tafir
- 03 Eftirlit með verkgæðum
- 04 Verkfundir
- 05 Merkingar vinnusvæðis/umferðarskipulag
- 06 Útboðsgögn/breytingar
- 07 Aukaverk
- 08 Kröfur
- 09 Kostnaður og magntaka
- 10 Öryggismál
- 11 Önnur mál

Verkefnisstjóri eftirlitsaðila skal stýra umsjónarfundi, sjá um að fundargerð sé rituð og senda afrit af fundargerð til allra innan viku. Í fundargerðir skal skrá öll mál sem rædd eru og varða eftirlits- og útboðsverkið.

## 1.2.7 FRAMVINDA VERKS

Halda ber til haga á skipulegan hátt öllum gögnum sem varða eftirlitsverkið og útboðsverkið og senda afrit af bréfum og öðrum gögnum, eins og samkomulag verður um, til fulltrúa verkkaupa og annarra er málið varðar. Eftirlitsaðili skal gera skýrslur á þriggja mánaða fresti um framvindu útboðsverksins í samráði við fulltrúa verkkaupa. Skýrslur þessar skal senda fulltrúa verkkaupa og ráðgjöfum strax og þær liggja fyrir.

## 1.2.8 AUKA- OG VIÐBÓTARVERK VERKTAKA – BREYTINGAR Á ÚTBOÐSVERKI

Öll aukaverk, svo og meiri háttar breytingar á útboðsverki eða verkliðum, skal bera undir fulltrúa verkkaupa til samþykktar og gera um það skriflegt samkomulag eða viðbótarsamning. Áður en aukaverk er unnið skal eftirlitsaðili gera skriflega verkbeiðni til verktaka um tilhögun verks og uppgjörs, dagsett og undirritað af eftirlitsaðila og fulltrúa verktaka. Hvert aukaverk skal númerað og þess getið í næstu verkfundargerð.

Eftirlitsaðili skal sjá til þess að gögnum sé breytt, strax eftir að samþykki allra aðila liggur fyrir, og að ný samþykkt gögn séu afhent þeim. Eftirlitsaðila ber að færa allar breytingar á áætlunum, verklýsingum og teikningum inn í sín gögn, eftir að þær hafa verið samþykktar.

Viðbótarsamningum skulu fylgja eftir því sem við á teikningar og/eða verklýsing á fullunnu verki og skal eftirlitsaðili skrá hvaða breytingar eru frá upphaflegum áætlunum, teikningum og verklýsingum. Enn fremur skal koma fram í samningi greiðslumáti, verð, forsendur fyrir breytingum og önnur atriði er máli skipta varðandi framkvæmd og greiðslu verks. Viðbótarsamningar skulu samþykktir af fulltrúa verkkaupa og skráðir í næstu ver�fundargerð.

Geyma skal eitt eintak upprunalegra gagna. Eftirlitsaðili skal samþykkja skriflega móttöku teikninga og annarra gagna frá ráðgjafa og sjá um afhendingu þeirra til verktaka gegn kvittun fyrir móttöku.

### **1.2.9 ÚTBOÐSGÖGN; BREYTINGAR LEIÐRÉTTINGAR OG GEYMSLA GAGNA**

Ef ósamræmi er í gögnum, eða gögn vantar, þá skal eftirlitsaðili senda fyrirspurn til fulltrúa verkkaupa, sem síðan sér um að réttir aðilar fái upplýsingar um málið og kemur nýjum gögnum eða teikningum til eftirlitsaðila. Eftirlitsaðili skal sjá um að allar breytingar á áætlunum, útboðsgögnum, verklýsingum og teikningum séu samþykktar af hönnuðum og ef með þarf, af viðkomandi yfirvöldum eða veitufyrirtækjum. Eftirlitsaðili skal árita öll gögn við móttöku.

Allar fyrirspurnir til ráðgjafa útboðsverksins skulu fara til fulltrúa verkkaupa. Allar breytingar frá teikningum og verklýsingum skal samþykkja, bæði hjá verkkaupa og ráðgjafa.

Eftirlitsaðili skal sjá til þess að verktaki og samstarfsmenn hans hafi ávallt rétt gögn og teikningar undir höndum og að farið sé eftir þeim. Þá skal eftirlitsaðili hafa leiðrétt eintak af teikningaskrá, teikningum og öðrum gögnum á skrifstofu sinni. Öllum gögnum skal safnað saman og þau skilmerkilega skráð, bæði skriflega og á tölvutæku formi og skulu þau geymd á skrifstofu eftirlitsaðila meðan unnið er við viðkomandi verkþætti, en síðan skal afhenda þau verkkaupa. Geyma skal eitt eintak af upprunalegum gögnum. Gögnin verða síðan notuð við frágang reyndarteikninga og annarra gagna.

### **1.2.10 RANNSÓKNIR – EFNISVOTTUN**

Eftirlitsaðili skal sjá um að verktaki leggi fram sýnishorn og prófanir af efnunum eins og krafist er í verklýsingu verktaka, það tímanlega að ekki verði töf á framkvæmdum verktaka. Einnig skal hann sjá um að verktaki leggi fram sýnishorn af vinnu og prófunum á efni, vegna rannsókna sem gerðar eru að beiðni verkkaupa.

Eftirlitsaðili skal tryggja að allt efni sem notað er til útboðsverksins sé í samræmi við kröfur sem gerðar eru í útboðsgögnum verktaka. Hann skal enn fremur sannreyna að efni uppfylli fyrir skrifaða staðla og reglugerðir í útboðsgögnum og kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum um viðkomandi efni frá verktaka, þ.m.t uppruna-, gæða- og framleiðsluvottorðun eftir því sem útboðsgögn kveða á um.

Eftirlitsaðili skal skrá niðurstöður á samanburði og aðrar athuganir sem gerðar eru á efni á sérstök eyðublöð, undirrita þau og senda verktaka þegar ljóst er að það uppfyllir tilskyldar kröfur. Gerð er krafa um að rannsóknarniðurstöður séu nýjar eða nýlegar.

Ef efni uppfyllir ekki tilskyldar kröfur, þá skal eftirlitsaðili senda strax allar upplýsingar til verktaka og sjá um að tilskyldar úrbætur séu gerðar af hálfu verktaka.

### **1.2.11 MÆLINGAR**

Eftirlitsaðili skal annast allar nauðsynlegar mælingar til að sannreyna staðsetningar bæði í plani og hæð eins og náar er kveðið á um í verklýsingu. Eftirlitsaðili skal afla sér upplýsinga um fastmerki og hæðarmerki á svæðinu hjá tækni- og umhverfissviði Garðabæjar.

Eftirlitsaðili skal mæla inn allar lagnir Garðabæjar og Veitna, þ.e. legu allra lagna, öll horn, alla enda, alla tengipunkta, brunna, niðurföll, loka, heimæðartengingar, heimæðaenda, ídráttarröraenda

o.s.frv. Mælingar fyrir HS-Veitur eru innifaldar verkbáttum framkvæmdaverks og skal verktaki framkvæmdaverksins gera ráð fyrir þeiri vinnu í sínu tilboði. Innmælingum lagna skal skila til verkkaupa. Fageftirlitsaðilar Mílu munu sjá um innmælingar fyrir það fyrirtæki. Fageftirlitsaðilar Ljósleiðarans munu sjá um innmælingar fyrir það fyrirtæki.

### **1.2.12 EFTIRLIT MEÐ KOSTNAÐI VERKTAKA**

Reikningar frá verktaka eru lagðir inn til eftirlitsaðila til yfirferðar og samþykktar, hálfsmánaðarlega eftir framvindu útboðsverksins. Eftirlitsaðili skal yfirfara og sannreyna allar magntölur, yfirfara greiðslustöðu hvers verkliðar í tilboðsskrá og heildarstöðu samninga og árita uppgjör hvers verkliðar til staðfestingar á að kostnaður sé í samræmi við verksamning. Reikningum skal skila árituðum til fulltrúa verkkaupa eigi síðar en 4 dögum frá móttöku þeirra. Allar breytingar á útboðsverki sem leiða til breytinga á kostnaði skal bera undir fulltrúa verkkaupa um leið og þær koma upp.

Með hverjum reikningi verktaka skal fylgja yfirlit. Þar skal koma fram áætlun um heildarkostnað hjá verktaka í verklok, þ.e. sá kostnaður sem er til lækkunar eða hækkunar á útboðsverki, ásamt áætuðum kostnaði við aukaverk.

Eftirlitsaðili skal sjá til þess að allir reikningar verktaka séu sundurliðaðir á milli allra verkkaupa, samkvæmt tilboðsskrá og með réttum verkbeiðna- og verkþáttanúmerum.

Vakin er athygli á því að um marga gjaldastrengi er að ræða og sundurliðun og utanumhald reikninga þannig nokkur vinna.

Við hvert uppgjör skal gerð bráðabirgðaúttekt á verkstöðu og þegar verkþætti er lokið skal magnuppgjör fyrir hann fara fram.

Öllum meiri háttar breytingum á útboðsverki og aukaverkum skal fylgja viðbótarsamningur, eða verkbeiðni árituð af eftirlitsaðila eftir að samþykki verkkaupa liggur fyrir. Á verkbeiðni komi einnig fram einingarverð hvers verkþáttar, eða heildarverð, ef það liggur fyrir.

Í lok útboðsverks skal eftirlitsaðili vinna fjárhagslegt uppgjör á útboðsverkinu, þ.e. taka saman allan kostnað sem fellur á útboðsverkið hjá verktaka og eftirlitsaðila, og ganga frá því í skilagrein.

### **1.2.13 ÖRYGGI Á VINNUSTAÐ**

Eftirlitsaðili skal sjá til þess að verktaki hafi nauðsynlegan öryggisbúnað fyrir alla á svæðinu ávallt tiltækan og noti hann þegar það á við, í samræmi við útboðs- og verklýsingu útboðsverks.

Eftirlitsaðili er fulltrúi verkkaupa varðandi öryggismál á vinnusvæðinu.

Eftirlitsaðili skal sjá til þess að verktaki skili af sér, í upphafi verks (innan 14 daga frá fyrsta verk-fundi), umhverfis-, öryggis- og heilbrigðisáætlun í samræmi við fræðslu- og leiðbeiningarit Vinnu-eftirlitsins nr. 17, Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarvinnustaði, útg. 2002, Öryggis- og heilbrigðisáætlun Garðabæjar og öryggishandbók Veitna (nýjustu útgáfu hverju sinni).

Veitur afhendir eftirlitsaðila stöðluð eyðublöð og gátlista sem varða sérkröfur Veitna. Við eftirlit og úttektir skal fylla út þessi eyðublöð og vista í gæðamöppu. Eftirlitsaðili skal enn fremur skila afritum til umjónarmanns verkkaupa eftir því sem hann óskar.

Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlitsins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996), sem tóku gildi 1. janúar 1997. Með tilvísun í II. kafla þessara reglna er sú skylda lögð á aðalverktaka að gegna þeim skyldum sem um ræðir í 1.-3. tl. 3. gr. í reglum þessum, þ.á.m. skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar eins og við á hverju sinni og í

samræmi við fræðslu- og leiðbeiningarit nr. 17 frá Vinnueftirlitinu um Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarvinnustaði. Á fyrsta verkfundi og áður en framkvæmdir hefjast skal undirritað skriflegt samkomulag um fyrirkomulag þessara mála í samræmi við gildandi reglur Vinnueftirlitsins hverju sinni.

Halda skal sérstakan öryggisfund með verktaka fyrir fyrsta verkfund.

### 1.2.14 FORNMINJAR OG NÁTTÚRUVÆTTI

Ef mannvirki eru á friðlýstum svæðum eða í nágrenni við fornminjar eða náttúruminjar, er þess getið í gögnum útboðsverks. Eftirlitsaðili skal kynna sér náið þær reglur sem gilda um umgengni á eða við slíka staði.

Einungis fáeinrar fornleifar eru innan svæðisins eða á mörkum þess. Rétt innan norðurmarkanna liggar forn gata, svokölluð Sviðholtsbrú. Hún hefur þó verið malarborin á seinni tímum þannig að í raun er einungis sjálf vegarstæðið gamalt en það hefur nokkurt minjagildi sem slíkt. Gatan liggur ofan Sviðholtsbæjarins sem enn er í byggð. Samkvæmt heimildum hefur verið búið í Sviðholti að minnsta kosti frá því á 16. öld og er eldri bæjarhóll í norðvesturhorni túnsins, rétt utan skipulagsmarka eða við norðvesturhorn skipulagsreitsins. Hlaðnar traðir, Sviðholtstraðir, lágu norður að bænum og finnst svoltíð brot af þeim á 5 m kafla sunnan við bæjarhólinn. Þær mynda þar skábraut upp á hlaðið, um 3 m á breidd og 0,5 m á hæð. Í brekku um 10 m suðvestur frá bæjarhólnum eru svo leifar garðhleðslu úr torfi og grjóti, farnar að renna sundur en ná um 0,4 m hæð. Garður hefur upphaflega verið hlaðinn kringum matjurtagarðinn Sameignargarð sem ábúendur í Sviðholti nýta enn að hluta. Hann er nú um 40 x 30 m á stærð. Bæði traðirnar og garðhleðslan eru á mörkum skipulagsreitsins en að hluta innan hans. Þessar minjar eru óverulegar en hafa þó gildi sem hluti af efnislegri sögu Sviðholts og þarf að gæta að þeim. Einhvers staðar í túninu suðvestan Sviðholts stóð þurrabúðin Krókur en hennar sér nú engin merki og hefur hún líklega lent undir Suðurnesvegi. Stór grjóthrúga er að vísu í túninu á þessu svæði en sennilega hefur hún orðið til við hreinsun þegar túnin voru ræktuð fram.



Fornleifar á framkvæmdasvæðinu (byggt á [map.is/gardabaer](http://map.is/gardabaer)).

Allir starfsmenn verktaka skuli upplýstir um fornminjarnar og skulu fara um þær með gát.

Rask á forminjum er háð leyfi Minjastofnunar Íslands. Ef verktaki verður var ummerkja sem bent gætu til slíkra minja skal hann stöðva framkvæmdir á viðkomandi svæði og tilkynna það eftirliti.

Bent skal á að fulltrúi Minjastofnunar Íslands hefur vald til að stöðva framkvæmdir telji hann ástæðu til.

Hugsanlegt er að við framkvæmd útboðsverks rekist menn á fornminjar, sem ekki er getið í útboðsgögnum. Eftirlitsaðila ber að þekkja þær reglugerðir, sem gilda um meðferð slíkra funda og hafa þá samband við rétta aðila.

### 1.2.15 SKODUN OG SKRÁNING

Áður en framkvæmdir hefjast við einstaka verkþætti er vettvangskönnun mjög mikilvæg til að gera sér grein fyrir afstöðu fyrirhugaðra mannvirkja til lóðarmarka og annarra mannvirkja. Ef fyrirhugaðar eru sprengingar, niðurrekstur eða önnur vinna, sem getur orsakað titring, skriðuhættu eða sig, er nauðsynlegt að rannsaka nærliggjandi hús og önnur mannvirkni. Eftirlitsaðila ber að sjá um þessa rannsókn.

Viðstaddir slíka rannsókn ættu að vera þjálfaðir menn frá verktaka og verkkaupa ásamt landeigendum. Ef vatnsból eru í nágrenninu skal rannsaka þau sérstaklega. Sama á við um mengaðan jarðveg. Við vettvangskönnun skal taka ljósmyndir (eða nota myndband) og skrá aðstæður sem síðar geta haft þýðingu vegna hugsanlegra skaðabótamála. Að lokinni vettvangskönnun skal eftirlitsaðili skrifa skýrslu, sem send er verkkaupa og verktaka.

Landeigendum skal tilkynnt um vettvangskönnun með fyrirvara. Kanna skal alla vegi, stéttar og stíga áður en framkvæmdir hefjast. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera fulltrúar verktaka, verkkaupa og eigenda. Eftirlitsaðili skal skrifa skýrslu um ástand vega, stéttu og stíga áður en vinna hefst. Slík skýrsla skal undirrituð og afhent öllum viðkomandi aðilum.

Sú könnun og skráning, sem getið er um hér að framan er til að tryggja hagsmuni verkkaupa. Eftirlitsaðila ber að gera verktaka grein fyrir að hann verði sjálfur að hafa frumkvæði að könnun og skráningu til að tryggja sína eigin hagsmuni.

### 1.2.16 MERKING VINNUSVÆÐIS

Eftirlitsaðila ber að sjá til þess að sem minnstar tafir verði á umferð. Ef hann tekur eftir að merking á vinnusvæði er ekki í samræmi við samning og leiðbeiningar um slíka merkingu skal hann benda verktaka á það. Sínni verktaki ekki þeim ábendingum skal eftirlitsaðili láta ganga frá merkingum á kostnað verktaka. Eftirlitsaðili skal framkvæma sérstakar úttektir á merkingum.

### 1.2.17 EFTIRLIT MEÐ ÁSPUNGA

Almennar reglur um þungatakmarkanir vega gilda á framkvæmdatíma útboðsverksins.

Eftirlitsaðili skal fylgjast með ásbunga ökutækja verktaka og gera athugasemdir ef ásbungi er of mikill. Ef athugasemdir hans eru ekki teknar til greina skal hann stöðva útboðsverk. Reynist nauðsynlegt að heimila þyngri farartæki en almennar reglur kveða á um á vegum með almennri umferð, skal eftirlitsaðili sjá til þess að það sé tilkynnt til verkkaupa.

## 1.3 VERKLOK

### 1.3.1 LOKADAGSETNINGAR

Fari verktaki fram á framlengingu verktíma, ber eftirlitsaðila að kynna fulltrúa verkkaupa það tafarlaust og svo fljótt sem kostur er gera honum grein fyrir afstöðu sinni til slíkrar beiðni. Ef í samningi eru ákvæði um dagsektir, þá er það hlutverk eftirlitsaðila að framfylgja þeim ákvæðum. Ef verktaki fer fram á framlengingu, skal svara þeirri beiðni eins fljótt og unnt er (innan 7 daga) skriflega og geta í svari til verktaka ef um er að ræða ný tímamörk.

### 1.3.2 ÚTTEKTIR OG AFHENDING ÚTBOÐSVERKS

Þegar verktaki tilkynnir skriflega að hann hafi lokið útboðsverkinu í samræmi við samning skal boða til úttektar. Eftirlitsaðili skal, í samráði við fulltrúa verkkaupa, ákveða hverjir boðaðir eru til úttektar af hálfu verkkaupa. Eftirlitsaðili skal áður en úttekt fer fram yfirfara rannsóknarniðurstöður og framkvæma úttektarmælingar. Þeir sem að úttektinni standa skulu fara yfir allt vinnusvæðið og kanna allan frágang og samræmi við teikningar og útboðsgögn. Eftirlitsaðili skal gera grein fyrir helstu breytingum sem gerðar hafa verið frá útboðsgögnum ef öllum aðilum úttektar eru þær ekki ljósar. Að lokaúttekt lokinni telst verktaki hafa skilað útboðsverki í hendur verkkaupa nema í ljós hafi komið gallar, eða fullnægjandi gögn liggja ekki fyrir.

Ganga skal frá úttektargerð á sérstöku eyðublaði og skal úttektargerðin undirrituð af eftirlitsaðila, fulltrúa verktaka og fulltrúa verkkaupa.

Eftirlitsaðili skal boða verktaka og fulltrúa verkkaupa til ábyrgðaráuttektar.

### 1.3.3 LOKASKÝRSLA/REYNDARTEIKNINGAR

Þegar lokaúttekt hefur farið fram og útboðsverkinu er endanlega lokið, þá skal eftirlitsaðili ganga frá lokaskýrslu (skilagrein) samkvæmt kröfum verkkaupa. Eftirlitsaðili skal skila verkkaupa skilagrein um útboðsverkið innan tveggja mánaða frá lokauppgjöri á útboðsverkinu.

Í skilagrein skal gerð grein fyrir framvindu útboðsverks miðað við áætlun og gæðum miðað við kröfur. Geta skal vankanta á útboðslýsingu eða hönnunargögnum. Gera skal grein fyrir breytingum sem orðið hafa á útboðsverkinu varðandi magn og kostnað og skýra frá ástæðum þess að magn og kostnaður hefur breyst. Taka skal saman yfirlit þar sem tilboðs- og raunverð hvers verkþáttar kemur fram. Einnig skal eftirlitsaðili skila inn reyndarteikningum fyrir útboðsverkin samkvæmt leiðbeiningum tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar.

Fundargerðir verkfunda, afrit af lokareikningi og úttektargerðir skulu vera fylgiskjöl með skilagrein.

### 1.3.4 VEGMERKINGAR

Áður en gata er opnuð fyrir umferð ber eftirlitsaðila að sjá um að merkingar séu í samræmi við gildandi reglur. Einnig að gatnamót, fláar o.fl. sé frágengið á viðunandi hátt. Sérstaklega mikilvægt er að bráðabirgðatengingar séu vel merktar í samræmi við reglur.

### 1.3.5 ÁGREININGSMÁL

Ef á verktíma koma upp ágreiningsmál milli verktaka og verkkaupa, sem ekki leysast á verktímanum, skal eftirlitsaðili vera verkkaupa til ráðgjafar við lausn þeirra eftir nánara samkomulagi þar um.

Komi upp ágreiningur milli verkkaupanna, t.d. um hver skuli greiða kostnað eða um útfærslu einhverra verkþáttta, skal eftirlitsaðili úrskurða, til bráðabirgða, um hvernig skuli með farið. Verkkaupar geta vísað slíkum ágreiningi til gerðardóms eða almennra dólmstóla.

### 1.3.6 ÁBYRGÐARÚTTEKT Á ÚTBOÐSVERKI

Eftirlitsaðili skal fara yfir útboðsverkið áður en ábyrgðartími rennur út og athuga hvort gallar hafa komið fram sem rekja megi til vanefnda verktaka. Sérstaklega skal athugað hvort óeðlilegt slit hefur komið fram.

Ef gera þarf úrbætur skal eftirlitsaðili hafa samband við verktaka og hefja viðræður um þær.

Þegar eftirlitsaðili er þess fullviss að útboðsverkið er án galla skulu hann og fulltrúi verkkaupa árita ábyrgðarúttekt. Eftirlitsaðili skal senda ábyrgðarúttekt til verkkaupa og verktaka.

## 2. TILBOÐSBÓK

### 2.1 TÆKNILEGT TILBOÐ

#### 2.1.1 VÆRKTILHÖGUN

Hér skal bjóðandi skilgreina hvernig hann ætlar að standa að stjórn verkefnisins og tryggja fagleg gæði.

Skipurit bjóðanda fyrir verkefnið. Sjá fylgiskjal nr. ....

Hvaða búnaður og aðstaða verða notuð við rannsóknir, mælingar og úttektir. Sjá fylgiskjal nr. ....

Hvernig staðið verður að gerð eftirlitskerfis fyrir verkefnið. Sjá fylgiskjal nr. ....

Hvernig staðið verður að gagnaskráningu og skjalavörslu. Sjá fylgiskjal nr. ....

## 2.1.2 STARFSLIÐ

Leggja skal fram starfsferilslysingar þeirra sem boðnir eru til starfa í verkinu. Þar er um að ræða einn verkefnisstjóra eftirlits, two eftirlitsmenn og mælingamann. Einungis skal nefna þá sem eiga að vinna að verkefninu.

Koma skulu fram upplýsingar um menntun, starfsaldur, almenna reynslu, stöðu í fyrirtæki og helstu verkefni á liðnum árum. Leggja skal áherslu á upplýsingar sem bjóðandi telur styðja boð hans til þessa verks og þess hlutverks sem starfsmanni er ætlað í verkefninu.

Bjóðandi skal hér skrá upplýsingar um reynslu og hæfni starfsmanna sinna.

### Verkefnisstjóri eftirlits:

Nafn: .....

Menntun: .....

Staða: .....

Tilvísun í fyrri verk.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Starfsferilskrá sem verkefnisstjóri.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Almenn starfsreynsla ____ ár.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Starfsreynsla við svipuð verk ____ ár.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Verk stærri en 150 mkr. ____ stk.	Sjá fylgiskjal nr. ....

### Eftirlitsmaður 1:

Nafn: .....

Menntun: .....

Staða: .....

Tilvísun í fyrri verk.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Starfsferilskrá sem eftirlitsmaður.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Almenn starfsreynsla ____ ár.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Starfsreynsla við svipuð verk ____ ár.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Verk stærri en 100 mkr. ____ stk.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Staðfesting á merkingarnámskeiði	Sjá fylgiskjal nr. ....

**Eftirlitsmaður 2:**

Nafn: .....

Menntun: .....

Staða: .....

Tilvísun í fyrri verk.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Starfsferilskrá sem eftirlitsmaður.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Almenn starfsreynsla ____ ár.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Starfsreynsla við svipuð verk ____ ár.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Verk stærri en 100 mkr. ____ stk.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Staðfesting á merkingarnámskeiði	Sjá fylgiskjal nr. ....

**Sérfræðingur í rafmagni til stuðnings eftirliti:**

Nafn: .....

Menntun: .....

Staða: .....

Tilvísun í fyrri verk.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Starfsferilskrá.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Almenn starfsreynsla ____ ár.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Starfsreynsla við svipuð verk ____ ár.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Verk stærri en 100 mkr. ____ stk.	Sjá fylgiskjal nr. ....

**Mælingamaður:**

Nafn: .....

Menntun: .....

Staða: .....

Tilvísun í fyrri verk.	Sjá fylgiskjal nr. ....
Starfsferilskrá sem mælingamaður.	Sjá fylgiskjal nr. ....

Almenn starfsreynsla \_\_\_\_ ár. Sjá fylgiskjal nr. ....  
Starfsreynsla við svipuð verk \_\_\_\_ ár. Sjá fylgiskjal nr. ....  
Verk stærri en 50 mkr. \_\_\_\_ stk. Sjá fylgiskjal nr. ....

### 2.1.3 FÝRIRTÆKI

Hér skal bjóðandi gera grein fyrir því gæðakerfi sem hann hefur.

Gæðakerfi samkvæmt ISO 9001. Sjá fylgiskjal nr. ....  
Gæðakerfi bjóðanda. Sjá fylgiskjal nr. ....  
Starfsábyrgðartrygging bjóðanda. Sjá fylgiskjal nr. ....

Hér skal bjóðandi gera grein fyrir fyrri verkum fyrirtækisins.

Verk stærri en 150 mkr. \_\_\_\_ stk. Sjá fylgiskjal nr. ....

## 2.1.4 FYLGIGÖGN – VIÐBÓTARGÖGN

Bjóðandi skal hér skrá þær upplýsingar og gögn önnur sem hann sendir með tilboði sínu.

## 2.2 VERÐTILBOÐ

### 2.2.1 TILBOÐSBLAÐ

Undirritaður gerir hér með tilboð í eftirlitsverkið:

**Álftanes, miðsvæði, Svæði 2 – Krókur, gatnagerð og lagnir – Eftirlit**

Tilboðið er gert samkvæmt útboðs- og verklýsingum, dagsettum í október 2022.

Tilboðsupphæð samtals með VSK kr.: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

(Tilboðsupphæð í bókstöfum)

Undirritaður hefur kynnt sér rækilega útboðsgögn þessi.

Heildartilboðsupphæð innifelur allt sem til eftirlitsverksins þarf til þess að ljúka því í samræmi við útboðsgögn, þar með talinn virðisaukaskatt.

Tilboðinu fylgja greinargóðar upplýsingar um starfsmenn og tæki, sem bjóðandi hyggst nota við eftirlitsverkið.

Staður, dags. \_\_\_\_\_ 2022

---

Nafn fyrirtækis

---

Kennitala

---

Heimilisfang

---

Símar / boðtæki

---

Póstnúmer, staður (pósthólf)

---

Bréfsími

---

Undirskrift

---

Netfang

## 2.2.2 TILBOÐSSKRÁ

Bjóðandi skal fylla í tilboðsskrá tímagjald viðkomandi starfsmanna. Kostnaður við notkun á tölvum, mælitækjum, bifreiðum, húsnæði og öllu öðru, sem þarf til að rækja eftirlitsverkið, skal vera innifalið í tímagjaldi. Öll verð skulu innifela virðisaukaskatt.

Framsettar klst. í tilboðsskrá eru áætlaðar, en greitt verður samkvæmt verkframlagi eftirlitsaðila, sjá grein 0.5.4, *Greiðslur og reikningsskil*.

### Starfsmenn

Verkefnisstjóri eftirlits	200	klst. á kr.	<hr/>	= kr.	<hr/>
Eftirlitsmenn	500	klst. á kr.	<hr/>	= kr.	<hr/>
Mælingamaður	100	klst. á kr.	<hr/>	= kr.	<hr/>
Sérfræðingur í rafmagni	50	klst. á kr.	<hr/>	= kr.	<hr/>

**2.2.2 Samtals flutt á tilboðsblað** **Kr.**

---